

Eftirlitið útilokar ekki rannsókn

Kom Samkeppniseftirlitinu mjög á óvart að aðeins eitt af stóru oliufélögum hafi tekið þátt í útboði.

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið lýsir yfir furðu sinni á því að tvö af þremur stærstu oliufélögum landsins skiluðu ekki inn tilboði í sölu á þúsundum tonna af eldsneyti til útgerða og smábátasjómannna í fyrra. Það gengur þvert á frumniðurstöður yfirstandandi markaðsrannsóknar á eldsneytismarkaðnum – að meiri samkeppni virðist ríkja í sölu eldsneytis til fyrirtækja en einstaklinga.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á fimmtudag skiluðu tvö af þremur stóru oliufélögum á Íslandi, N1 og Olís, ekki inn tilboði til að tryggja sér viðskipti með verulegt magn af eldsneyti til á þriðja hundruð smábátasjómannna. Skeljungur tryggði sér samninginn í lok árs 2015 en auk Skeljungs tók Atlantsolía þátt í útboðinu. Í október var sama uppi á teningnum í útboði til allmargra útgerða þar sem Olís skilaði ekki inn tilboði.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátasjómannna, gagnrýndi harðlega að félögin hafi ekki skilað inn tilboði, og vísaði til samkeppnissjónarmiða í viðtali við Fréttablaðið.

Forsvarsmenn Olís og N1 sögðu hins vegar að útboðsskilmálar hefðu verið óaðgengilegir fyrir margra hluta sakir, og ekki hafi komið til greina að greiða millilið vegna viðskipta með eldsneyti til sjómanna [Sjávarkaup hf. sem annaðist bæði útboðin]. Skeljungur telur hins vegar að útboðsskilmálar hafi verið með öllu eðlilegir, og tryggði sér viðskiptin í báðum útboðunum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins: „Í ljósi þeirrar niðurstöðu skýrslunnar að samkeppni sé virkust í stærri viðskiptum kemur það Samkeppniseftirlitinu verulega á óvart að aðeins eitt af stóru oliufélögum

18%

af allri eldsneytissölu til útgerðarinnar á ársgrundvelli er um að ræða – eða 27.500 tonn.


Hafi átt sér stað einhver samskipti, milli oliufélaganna sem ekki buðu, sem með beinum eða óbeinum hætti varða umrætt útboð væri um alvarlegt mál að ræða.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins



hafi sóst eftir viðskiptum sem eru nokkuð umfangsmikil. Hafi átt sér stað einhver samskipti, milli oliufélaganna sem ekki buðu, sem með beinum eða óbeinum hætti varða umrætt útboð væri um alvarlegt mál að ræða. Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar engar upplýsingar um að svo hafi verið,“ skrifar Páll Gunnar og bætir við að búi einhver yfir slíkum upplýsingum geti viðkomandi snúið sér til eftirlitsins.

Spurður hvort sú staðreynd að tvö félög af þremur stærstu taka ekki þátt í útboðum á rúmlega 18% af öllu eldsneyti sem selt er til útgerðarinnar á ársgrundvelli sé ein og sér tilefni til rannsókna, svarar Páll Gunnar. „Við munum leggja mat á það þegar við höfum fengið fram sjónarmið við frummatskýrslunni,“ og vísar til markaðsrannsóknar eftirlitsins. – shá



Gönguskiðagarpar í Bláfjöllum Talið er að fimm til sex hundruð manns hafi verið á gönguskiðum í Bláfjöllum í gær. Mikið gönguskiðaæði hefur gripið landann og fyllist á öll skídagöngunámskeið. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gerði út af við mjöðmina með hlaupum

LÍFID Söngkonan og fiðluleikarinn Greta Salóme gerir aldrei neitt með hangandi hendi en hún er nú alveg að jafna sig eftir að hafa brotið mjöðm við hlaup. Hún hljóp þrjú hundruð kílómetra á fjórutíu dögum með þessum afleiðingum. „Nú er ég einhvern veginn þannig að ég fer alla leið í því sem ég geri, og þetta varð útkoman, ég hefði kannski átt að hlusta,“ segir söngkonan. – ga / sjá síðu24.



Fréttablaðið í dag

SPORT Strákarnir okkar urðu í gær fyrsta liðið í átta mánuði til að vinna Dag í síðasta leik fyrir EM. 14




TÍMAMÓT Háskóli Íslands boðar til fundar um sýrlenska flóttamenn í Evrópu. 16

SKOÐUN Guðmundur Andri skrifar um Óða fólkið og hvernig best er að mæta því í opnu samfélagi. 12-13

LÍFID Júlí Heiðar Halldórsson keppir í undankeppni Eurovision, en mun þó ekki flytja lagið sjálfur. 24-26

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



HOLLUSTAN HEFST
Á GOTTIMATINN.IS

NÝTT ÁR NÝTT TÆKIFÆRI

Komdu í ókeypis 60 mínútna
kynningartíma í Ármúla 11 á 3. hæð

// Fyrir 10–15 ára
10. janúar kl. 15

// Fyrir 16–25 ára
10. janúar kl. 16

// Fyrir 25 ára og eldri
13. janúar kl. 20
17. janúar kl. 16

DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

Skráðu þig í síma 555 7080
eða á www.dale.is

Veður



Austlæg átt 5-13 m/s og snjócoma eða él sunnan- og vestantil í nótt og á morgun og gæti því hvítuáð á höfuðborgarsvæðinu. Hægari norðanátt og stóku él með norður- og austurströndinni. Frost 3 til 13 stig, kaldast inn til landsins. **SJÁ SÍÐU 18**

Neitar að tjá sig um misferli

LÖGREGLA „Ég vil ekkert tjá mig um þetta og tel það ekki eðlilegt á þessu stigi,“ segir Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögrelustjóri á höfuðborgarsvæðinu, um málefni lög- reglufulltrúa í fíkniefnadeild sem ítrekað hefur verið bent á að leki upplýsingum til brotamanna.

Í Fréttablaðinu á laugardag benti Karl Steinar Valsson, fyrrverandi yfirmaður fíkniefnadeildar lög- reglunnar og undirmaður Jóns, á yfirmenn sína og sagði að hann hefði komið til þeirra greinargerð um málið. Yfirmenn báru ábyrgð á að koma þeirri greinargerð áfram til ríkissaksóknara en það var ekki gert samkvæmt heimildum blaðsins.

Engin formleg rannsókn hefur því farið fram á málefnum lög- reglufulltrúans. Maðurinn hefur á nokkurra mánaða tímabili verið færður til í starfi. Hann gegnir ekki lengur yfirmannsstöðu í fíkniefnadeild lög- reglunnar á höfuðborgarsvæðinu heldur starfar nú í tæknideild. - snæ



SA vill að börn hefji nám fimm ára.

Skoða breytingu á skólaskyldu

MENNTAMÁL Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra vill skoða að breyta skólaskyldu svo börn hefji grunnskólanám fimm ára. Samtök atvinnulífsins settu fram vilja sinn í þessa veru á dögunum og telja breytinguna þjóðhagslega hagkvæma.

„Ég legg áherslu á það að menn verða að horfa á þetta heildstætt. Tengja þetta saman við menntun kennaranna, undirbúning þeirra, kennsluáferðir og svo framvegis,“ sagði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra í samtali við Stöð 2 í gær. - lvp

Keyrt í kvöldsólinni



Erfið akstursskiyrði myndast þegar vetrarsólin skín lágt á lofti og býr sig undir að setjast. Geislar hennar skína í augu ökumanna og er erfitt að komast undan þeim. Þessi bílstjóri biður á umferðarljósum í höfuðborginni og snýr í átt frá sólu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ræddi við fanga á Kvíabryggju um bankamenn

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis hefur óskað formlega eftir skýringum frá Páli Winkel fangelsismálastjóra hvers vegna kvikmyndatökuliði bandaríska leikstjórans Michaels Moore var leyft að mynda í fangelsinu án vitneskju fanga. Til- efnið er kvörtun frá föngunum Ólafi Ólafssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Sigurði Einarssyni.

Í kvörtuninni kemur fram að kvikmyndagerðarmaðurinn hafi rætt við aðra fanga um þremmingana án þeirra samþykkis og í bága við reglugerð um fullnustu refsinga.

Páll Winkel vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið þegar eftir því var leit- að. Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir því að hann gefi svör vegna þessa og annarra umkvörtun- arefna fyrir fyrsta febrúar. - þþ, snæ

Sprenging í aðsókn á skíðagöngunámskeið

„Greinileg sprengiþróun,“ segir Þóroddur F. Þóroddsson, formaður Skíðagöngu- félagsins Ulls um vinsældir gönguskiða. Þegar hafa þriðjung fleiri skráð sig í félagið á fyrstu tveimur vikum ársins, heldur en yfir allt árið í fyrra.

FÓLK „Bara í gær höfðu um hundrað og tuttugu manns skrifad í gestabók- ina hjá mér, sem er bara brot þeirra sem fóru á gönguskiði. Ég myndi telja að allt í allt hafi verið á bilinu fimm til sex hundruð manns á gönguskið- um hérna í gær,“ segir Þóroddur um þá stemningu sem ríkti í Bláfjöllum í gær þar sem farin var þrettán kíló- metra ganga upp á heiði, sem telst nokkuð óvenjulegt, en allajafna er fjögurra kílómetra braut látin duga. „Þetta er mjög greinileg sprengiþró- un, það er nánast fullt á öll náms- skeið hjá okkur, og við erum með í það heila um hundrað og tuttugu manns á námskeiðum núna,“ bendir Þóroddur á, og segir fjölda meðlima í félaginu nú á fyrstu vikum ársins þriðjung fleiri en á öllu síðasta ári.

Auður Kristín Ebenersdóttir skíðakennari tekur undir með Þór- oddi. „Við ætluðum bara að vera einu sinni með námskeið, þá tíu til tólf manns á hvorn kennara, en urðum sífellt að bæta við og enduðum með hundruð manns, og þannig tíu hópa.“

Aðspurð hvers vegna íþróttin sé jafn vinsæl nú og raun ber vitni, nefna þau bæði fjöliþróttaverkefnið Landvættinn, sem sífellt fleiri taki þátt í en þar sé 50 kílómetra skíða- ganga og segja Íslendinga iðulega ætla sér allt eða ekkert. **gudrun@frettabladid.is**

33%

fleiri hafa skráð sig í skíða- göngufélagið í ár en í fyrra




Þrettán kílómetra braut var lögð í Bláfjöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rikka ætlar að taka Landvættinn í ár

Fríðrika Hjördís Geirsóttir er ein þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref á gönguskiðum. „Ég hef ekki verið áður á gönguskiðum en ætla að taka Land- vættinn í ár, svo ég er komin á fullt,“ útskýrir hún og segir greinilegt að sífellt fleiri hafi áhuga á slíkum þrekaunum hér á landi. „Ég fann að nú var rétti tíminn í mínu lífi, en ég æfi með

skemmtilegu fólki sem ætlar sér allt að fara í Landvættinn, en við vorum upphaflega saman í hjólahóp og fjallgönguhóp og svo nú þetta. Ég held að fólk sé alltaf að leita að nýjum leiðum til að hreyfa sig og að áskorunum.“ Til þess að hljóta titilinn Landvætturinn verður við- komandi að ljúka tilteknum raunum í öllum landshlutum á innan við tólf mánuðum.



BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **25. janúar:** 8 mánudagar frá 20-23
VÖRNIN (stig 4) **27. janúar:** 5 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Hvað þarf að kunna fyrirfram? Ekki neitt, en það spillir ekki að þekkja ás frá kóng. Æskilegur aldur? Einhvers staðar á bilinu frá 18 til 90 ára. Þarf makker? Nei. Nóg af þeim á staðnum.

STIG 4 Samskiptareglur varnarinnar eru fjórar: útspilin, köll í sama lit, köll í hliðarlit og lengdarkerking. Hvernig eru þessar reglur og hvenær gilda þær? Um það fjallar námskeiðið.

Námskeið skólans eru haldin í **Síðumúla 37** í Reykjavík, húsnæði BSÍ.

Upplýsingar og innritun

í síma **898-5427** og á netinu **bridge.is**

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM GRAFÍSK HÖNNUN VEFSÍÐUGERÐ

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.



FJARKENNSLA
Í BEINNI

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

Með sérstakri áherslu á stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst: **16. feb.** • Lýkur: **26. maí** • Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**

STÖK NÁMSKEIÐ

	LENGD	VERÐ
WordPress – Vefurinn minn	26 std.	39.000 kr.
Photoshop 2	36 std.	69.000 kr.
Photoshop fyrir byrjendur	21 std.	39.000 kr.
Dreamweaver HTML og CSS	52 std.	66.000 kr.
Illustrator	36 std.	69.000 kr.
InDesign	31 std.	64.000 kr.
Facebook sem markaðstæki	7 std.	49.000 kr.
Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords	12 std.	78.000 kr.
Vefgreining með Google Analytics	6 std.	39.000 kr.
Tölvupóstmarkaðssetning	6 std.	39.000 kr.

”Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.“
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.

GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum.

Hefst: **28. jan.** • Lýkur: **19. mars**
Tími: **Kvöldhópur**
Lengd: **105 std.** • Verð: **179.000 kr.**



VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stiga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst: **3. feb.** • Lýkur: **25. apríl** • Tími: **Kvöldhópur** • Lengd: **115 std.**
Verð: **147.000 kr.**

”Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.“
Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Wise.

Landmannalaugar oft eins og á bílasölu segja hönnuðir

SKIPULAGSMÁL Vinnuhópur á vegum Rangárbings ytra um framtíðarskipulag Landmannalauga segir að koma þurfi bilum af svæðum.

Kom fram á síðasta fundi vinnuhópsins þar sem fulltrúar Landmótunar og VA-arkitekta mættu, að áreyrar í Landmannalaugum séu stærstu líparitáreyrar í Evrópu. Fyrirtækin voru að kynna hugmyndir sínar að deiliskipulagi á grundvelli vinningstillögu í samkeppni sem sveitarfélagið efndi til.

„Jafnframt kom fram í forskoðun þeirra að afar áberandi var hversu margir bílar voru á svæðinu og svæðið oft eins og á bílasölu. Koma þarf bilum af svæðinu og á þar til gerð stæði, annars vegar sunnan við Sólvang og hins vegar við Námskvíslina,“ segir í fundargerð Landmannalaugahópsins.

Lagt er til að breiður göngustígur tengi saman bæði svæðin og að stígur verði frá bílastæðum við Námskvísl að laugasvæðinu og skála sem Ferða-

félag Íslands á og rekur á svæðinu.

Þá kom fram óska þurfi eftir því við Veðurstofu Íslands að fá frekari niðurstöður úr vatnamælingum í Laugunum vegna frekari hönnunar með tilliti til varnargarða og staðsetningar á mannvirkjum. „Styrkja þarf gróðurvernd á svæðinu með góðum stígum og stýringu á styttri leiðum um svæðið. Byggingar eiga að vera léttar og þannig gerðar að auðvelt verði að fjarlægja þær,“ segir í umfjöllun vinnuhópsins. - gar



Ferðafólki fjölgar ár frá ári í Landmannalaugum. Unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimmtán mál send í rannsókn nýlega

Ríkisskattstjóri segir tillögur embættisins um endurskoðun löggjafar í engu breyta stöðu þeirra sem hafa allt sitt á hreinu. Telur kennitölufلاك mælast í milljörðum en mest sé um skattaundanskot að ræða. Tjáir sig ekki um skoðanir ASÍ eða gjörðir ráðherra.

FJÁRSÝSLA Hert löggjöf til að sporna við landlægu kennitöluflakki mun ekki leggja stein í götu þeirra sem ætla sér að stunda heidarlegan atvinnurekstur. Breytingar á löggjöf eru aðkallandi til að uppræta vandann sem tekið hefur verið á í nágrannalöndum.

Þetta er álit Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra.

Í leiðara hans og Ingvars J. Rögnvaldssonar vararíkisskattstjóra í desemberhefti Tiundar, tímarits embættisins, er fjallað um blóðtökuna sem samfélagið verður fyrir árlega vegna þeirrar meinsemdar sem skattaundanskot eru, en spunnist hefur umræða um kennitölufلاك og skattaundanskot almennt í kjölfar skrifna þeirra. Þar segir að starfshópur á vegum embættisins telji að möguleg undanskot séu rösklega 80 milljarðar, miðað við þau umsvif sem eru í þjóðfélaginu – og er þá vísað til þeirra undanskota sem beinlínis eru refsiverð samkvæmt lögum.

„Ég held að kennitölufلاكkið sé að mælast í milljörðum, ekki tugum milljarða. Meginhluti skattaundanskota hérlandis, eru vantaldar tekjur,“ segir Skúli Eggert. „Kennitölufلاكkið snýst fyrst og síðast um að skildar eru eftir skuldir, einkum við opinbera aðila; það getur verið refsivert eins og þegar ekki er staðið skil á innheimtri staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Einnig eru stundum skildar eftir almennar skuldir og það er ekki talið inni í þessum tölum heldur aðeins þegar um refsiverða háttsemi er að ræða. Almennar skuldir eru ekki undanskot í þeim skilningi. Það er almennt ekki refsivert í sjálftu sér nema talin séu kerfisbundin svik og þá væntanlega igildi fjárvika. Svo má velja fyrir sér síðgæðinu á bak við það. Þessi mál eru mjög ólík og ekki má gleyma því að stundum geta tilfallandi atvik orðið til þess að atvinnurekstri er

hætt. Mál versna þegar nýtt félag er stofnað um reksturinn og öllu er haldið óbreyttu, sami atvinnurekstur, sama starfsfólk og jafnvel sama nafn,“ segir Skúli Eggert sem bætir við að embættið hafi að undanförunu sent frá sér í framhaldsmeðferð mál fimmtán aðila vegna kennitölufلاكks fyrir upp undir tvo milljarða króna. Þar getur komið til kasta skattrannsóknarstjóra og síðar lögreglu ef sakir eru taldar miklar, eða lögd verður á stjórnvaldssekt.

Meðal þeirra sem hafa tjáð sig um kennitölufلاكkið eftir birtingu greinarinnar er Alþýðusamband Íslands. Þar er það fullyrt að stjórnvöld hafi aldrei tekið á vandanum svo heitið geti, þrátt fyrir að vandinn sé áratuga gamall. Þá sagði Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 á dögunum að ný lög um ársreikninga sem komi fram á vorþingi séu nauðsynlegur undanfari þess að kortleggja umfang kennitölufلاكks. Hún boðaði hins vegar frumvarp um aðgerðir gegn kennitölufلاكki strax í september 2013.

Skúli Eggert vill ekkert tjá sig um einstakar yfirlýsingar í nútíð né fortíð um kennitölufلاكki eða skattaundanskot almennt, og vísar til leiðarans.

„Við bendum á þær leiðir sem hafa verið farnar í nágrannalöndum okkar. Það sem við erum að benda á mun ekki hafa nein vandamál í för með sér fyrir þá sem hafa allt sitt á hreinu. Þeir sem standa heidarlega að sínum rekstri eiga ekki að verða fyrir neinum óþægindum. Framhaldið er einfaldlega pólitísk spurning, við bendum á það sem betur má fara, erum þar ekki einir á báti og ég hef enga trú á öðru en að stjórnvöld taki þessar ábendingar alvarlega og finn raunar ekki annað en að svo verði,“ segir Skúli Eggert. svavar@frettabladid.is



Æ algengara er í stórum framkvæmdum að aðalverktaki kaupi vinnu undirverktaka – allt niður í sjö eða átta slíka. Þeir sem eru neðstir í röðinni hafa itrekað verið staðnir að því að standa ekki skil á opinberum gjöldum, segir í Tiund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég held að kennitölufلاكkið sé að mælast í milljörðum, ekki tugum milljarða. Meginhluti skattaundanskota hérlandis, eru vantaldar tekjur.



Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

Norðmenn brugðust við fyrir 40 árum

- Í leiðara Tiundar nefna Skúli Eggert og Ingvar lausnir, og þær telja þeir verða að koma í gegnum bættan lagaramma. Þar benda þeir einfaldlega á þær leiðir sem farnar hafa verið á Norðurlöndum.
- Í Noregi var árið 1976 tekið upp í hlutafélagagögum sjálfvirktt bann við því að einstaklingur fengi að taka þátt í stofnun og stjórnun í nýju hlutafélagi hafi hann verið í stjórnendastöðu í gjaldprota félagi árið á undan. Reglur af svipuðu tagi tóku gildi í Danmörku í byrjun árs 2014.

- Kennitölufلاكki er þegar rekstraraðili skiptir um kennitölu og atvinnurekstrinum er haldið áfram undir nýjum auðkennum en skuldir, einkum við hið opinbera, eru skildar eftir í gamla félaginu. Þetta er gert í skjóli þess að í lögum bera stofnendur félags takmarkaða ábyrgð á rekstri þess.
- Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að lagaumgjörð félagaréttar þurfi endurskoðunar við til að takmarka skipulagða misnotkun þessara ákvæða í lögum.

40.000 fréttabyrstir notendur



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:



FRÉTTABLAÐIÐ

GRAFÍK OG MARGMIDLUN

VILTU HANNA OG SETJA UPP EIGIN HEIMASÍÐU
EÐA ÞITT EIGIÐ KYNNINGAREFNI? VILTU KUNNA
AÐ NÝTA ÞÉR HELSTU HUGBÚNAÐARLAUSNIR,
HVORT SEM ÞÚ ERT VANUR EÐA ÓVANUR?
REYNDIR LEIÐBEINENDUR OG RAUNVERKEFNI.

NÆSTU NÁMSKEIÐ:

PHOTOSHOP EXPERT

hefst 14. janúar

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

hefst 18. janúar

GRAFÍSK HÖNNUN

byrjar 11. febrúar



NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölva og
viðskiptaskólinn

15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

- Allar bragðtegundir
- 2 mg og 4 mg



Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 17. jan 2016

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
lægra verð

Buxnalaus í lestinni



Ungir þátttakendur í hinum árlega „Engar buxur í lestinni“-deginum nýta tækifærið og setjast síðbuxnalaus í sæti neðanjarðarlestar í London. Hefðin á rætur sínar að rekja til New York í Bandaríkjunum en þar hafa íbúar skilið buxur sínar eftir heima á þessum degi allt frá árinu 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tryggvi kveðst ekki höggva skóg í eldivið

FÓLK „Skógurinn er heilagur. Ég hef ekki höggvið neitt hér nema til að komast leiðar minnar,“ segir Tryggvi Hansen um áskanir þess efnis að hann eyðileggi skóginn þar sem hann býr til að nota sem eldivið.

„Þessi furðulegi maður stórskemmur skóginn, á því er enginn vafi,“ er meðal þess sem segir í athugasemdum á Vísi við frétt Fréttablaðsins um Tryggva á þriðjudag. Í fréttinni sagði frá baráttu Tryggva við að halda á sér hita þar sem hann býr í tjaldi í skógi í Reykjavík. Sagðist Tryggvi hafa gaman af því að stússa við eld og vera að koma í gagn við Sólóeldavél sem brennir viði.

„Ég nota bretti, mest úr Sorpu og víðar og tætlur úr hreinum viði,“ útskýrir Tryggvi. Reyndar hafi hann eitt sinn verið að huga að því að fella tré fyrir víðarskjól. „En þróstur vinur minn hér kom í tréð og mótmælti. Í staðinn fann ég dautt tré fyrir súlu í skýlinu.“

Að vísu segist Tryggvi lítið kveikja upp. Oftast sé hann í þeim hita sem sé úti við. „Ég kveiki í mesta lagi

Ég meira að segja bjargaði flugu í gær.

Tryggvi Hansen
tjaldbúi



einu sinni á dag upp í tjaldinu og þá eiginlega bara í frostum. Þá er hitinn í tjaldinu lítið meira en ofan við núllið í kannski tvo eða þrjá tíma. Þannig næ ég að þurrka fót en mest skóna mína. Tásurnar kvarta stundum ef þær blotna um of,“ lýsir hann.

Tryggvi kveðst efast um að finna megi marga skógarbúa sem fari varlegar í að drepa lifandi verur. „Ég meira að segja bjargaði flugu í gær,“ segir hann. „Hún fraus fyrst með lappirnar í matarskálinni minni. Ég losaði hana með volgu vatni og rétt náði að bjarga henni frá drukknun með mikilli varfærni. Síðan var hún í þurrki og flaug svo aftur burt.“

Tryggvi segist hafa hirt dauðar og þurrar hríslur í fyrravor og þar

sem runnar liggja of þétt til þess að komast um neyðist hann til að opna aðeins. Hann þekki hins vegar marga Finna og Norðmenn sem séu skógarfólk og þeir höggvi og grisji á vorin og kljúfi við og þurrki.

„Það er grisjað þar sem vex of þétt til að heilsuþetri tré nái meiri vexti. Svo er þurrkað allt sumarið undir þekju. En ég hef ekki gert þetta. Hins vegar heggur skógræktin í Heiðmörk alveg helling á hverju ári og allir skógarbændur til þess einmitt að efla vöxtinn upp á við. Fólk er að skammast yfir því sem ég ekki geri er frekar úti að aka og veit ekki almennilega hvernig skógar hagar sér,“ segir Tryggvi sem almennt séð kveðst vera til góðs fyrir vöxtinn í skóginum.

„Bæði planta ég sjálfur fleiri heilsulegum tegundum fyrir jarðvegin og skila af mér mínu affalli. Þar blanda ég við ösku úr ofnum og moldin eflist við það fyrir margar verur. Og ég er með netlufra sem fara niður í vor. Það er mjög heilsuleg planta og eflandi á marga vegu fyrir nábylinga,“ segir útilegumaðurinn Tryggvi. gar@frettabladid.is

Nýárs Útsala

15-80%

Afsláttur



TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Allt í járnum á milli Sanders og Clinton

Mjött er á munum á milli tveggja vinsælustu forsetaefna demókrata í Bandaríkjunum. Fyrstu ríkin kjósa í forkosningum eftir þrjár vikur. Niðurstöður kosninga í ríkjum tveim hafa mikil áhrif á framgang mála. Hillary Clinton varar við því að kjósa repúblíkana.

BANDARÍKIN Einkar mjött er á munum á milli Bernie Sanders og Hillary Clinton, sem bæði sækjast eftir útnefningu Demókrataflokks Bandaríkjanna til forsetaframbóðs, þegar minna en mánuður er í að forkosningar verða haldnar í fyrstu ríkjum, Iowa og New Hampshire. Samkvæmt nýjum könnunum fréttastofu Wall Street Journal, NBC og rannsóknafyrirtækisins Marist leiðir Sanders í síðarnefnda fylkinu og Clinton í því fyrrnefnda.

Sanders nýtur fimmtíu prósentu fylgis í New Hampshire en Clinton 46 prósentu. Þá nýtur Clinton 48 prósentu fylgis í Iowa en Sanders 45. Þó eru forskot beggja aðila vel innan skekkjumarka.

Fylkin tvö hafa reynst einkar mikilvæg undanfarna áratugi. Hefur það einungis gerst einu sinni undanfarin fjórutíu ár að frambjóðandi hefur orðið forsetaefni flokks síns án þess að sigra í öðru hvoru fylkjanna, Bill Clinton árið 1992. Árið 2008, þegar Hillary Clinton atti kappi við Barack Obama, mældist hún með meira fylgi á landsvísi en Obama



Bernie Sanders og Hillary Clinton njóta stundar milli stríða. Mjött er á munum milli þeirra í fyrstu ríkjum sem velja sér forsetaefni. NORDICPHOTOS/AFP

allt þar til hann bar sigur úr bítum í Iowa og skaust þar með fram úr henni.

Eftir því sem Sanders hefur þokast nær Clinton undanfarnar vikur hefur hún bent á að henni sjálfri myndi ganga betur í hinum almennu kosningum sem haldnar verða í nóvember og væri líklegri til að halda repúblíkönunum frá Hvíta húsinu. „Við verðum að tryggja að við komum demókrata í Hvíta húsið svo repúblíkanar eyðileggi ekki þann árangur sem náðst hefur,“ sagði Clinton í síðustu viku.

Sanders gengur hins vegar betur en Clinton þegar þeim er stillt upp gegn repúblíkönunum í skoðanakönnunum. Báðir demókratarnir mælast þó með meira fylgi en repúblíkaninn í slíkum samanburðarkönnunum.

Á meðal repúblíkana nýtur Donald Trump mests fylgis í New Hampshire, þrjátíu prósentu, en Marco Rubio næstmests, fjórtán prósentu. Ted Cruz mælist efstur í Iowa með 28 prósent en Trump mælist með 24 prósent. **thorgnyr@frettabladid.is**

» Forskot frambjóðenda demókrata á hvorn annan eru innan skekkjumarka í báðum fylkjum.

Demókratar

Iowa:	
Clinton	48%
Sanders	45%
New Hampshire:	
Sanders	50%
Clinton	46%

Repúblíkanar

Iowa:	
Cruz	28%
Trump	24%
Rubio	13%
Carson	11%
New Hampshire:	
Trump	30%
Rubio	14%
Christie	12%

Ný sýn á fjármögnun innviðafjárfestinga

Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga efna til opins fundar um fjármögnun innviðafjárfestinga á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 13. janúar kl. 8.30–10.30.

Dagskrá

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

Sissel Husoy, Deloitte Financial Advisory in Norway
PPP in Norway – experience, practice and trend

Þorsteinn Hermannsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti
Niðurstöður starfshóps innanríkisráðuneytis um aðkomu einkaaðila að samgönguverkefnum

Þorkell Sigurlaugsson, formaður stjórnar Framtakssjóðs Íslands
Innviðafjárfestingar, tækifæri fyrir lífeyrissjóði og aðra fagfjárfesta

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI
Uppsöfnuð fjárfestingarþörf innviða

Fundarstjóri: Eyjólfur Árni Rafnsson, varaformaður Samtaka iðnaðarins

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00

Skráning á www.si.is



Skipin þrjú bylta meðferð á ísfiski hjá fyrirtækinu. MYND/HBGRANDI

Hafa lokið átta milljarða króna togarafjármögnun

SJÁVARÚTVEGUR HB Grandi hefur lokið lánsfjármögnun þriggja nýrra ísfisktogara sem fyrirtækið hefur í smíðum í Tyrklandi. Fjármögnun skipanna er í samstarfi við Íslandsbanka hf. og DNB Bank ASA en endurfjármögnun á eldri lánunum er þar innifalinn. Fjármögnunin er allt að 55 milljónir evra, eða átta milljarðar íslenskra króna.

Nýju skipin þrjú munu leysa þrjú togara af hólmi sem nú eru í rekstri, Ásbjörn RE 50, Sturlaug H. Böðvarsson AK 10 og Ottó N. Þorláksson RE 203. Með nýju skipunum eykst hagkvæmni í rekstri að sögn fyrirtækisins, þau munu eyða minni olíu, aflmeðferð og nýting verður betri, rekstraröryggi eykst og viðhaldskostnaður mun lækka. Munu hin nýju skip bera heitin Engy RE 9, Akurey AK 10 og Viðey RE 50.

Gert er ráð fyrir að ádráttur lánsins og afborganir hvers láns hluta verði við afhendingu skipanna

2,6

milljarðar króna verður hver afborgun við afhendingu skipanna.

í nóvember 2016, maí 2017 og nóvember 2017 – og í hvert skipti sama upphæð eða um 2,6 milljarðar króna. Lánssamningurinn ber breytilega vexti og eru núgildandi meðalvextir 2,4%.

Í tilkynningu frá HB Grandi segir að framangreindar dagsetningar geti ríðlast ef dráttur verður á afhendingu skipanna. Mun hluta lánsins verða varið til endurfjármögnunar skammtímskulda vegna áfallinna greiðslna í tengslum við smíðina. – **shá**

Þúsundir minntust látinna

FRAKKLAND Fjölmargir söfnuðust saman á strætum Parísarborgar í Frakklandi í gær til að minnst fórnarlamba hryðjuverkaárásá ársins 2015, jafnt árásarinnar á skrifstofu Charlie Hebdo sem og árásanna í nóvember síðastliðnum.

Lagður var blómsveigur að styttni á Lýðveldistorginu og opinberaður var minnisvarði en torgið hefur orðið óopinbert minnismerki árásanna og samkomustaður til að ræða tjáningarfrelsi og hin frönsku höfuðgildi, frelsi, jafnrétti og bræðralag. – **þea**



François Hollande Frakklandsforseti var viðstaddur athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óvissa með framsal El Chapo

BANDARIKIN Óvissa ríkir um framsal kókaínbarónsins Joaquín Guzmán, oft kallaður El Chapo, til Bandaríkjanna frá Mexíkó. El Chapo var handsamaður í Mexíkó um helgina, hálfu ári eftir að hann slapp úr fangelsi þar í landi.

Bandaríkin óskuðu eftir framsali hans árið 2014, áður en hann slapp, en beiðinni var hafnað. Hins vegar herma heimildir New York Times frá því að líklega verði mexíkósk yfirvöld að óskum Bandaríkjamanna að þessu sinni ef þeir óska aftur eftir framsali. Hins vegar væri framsal bundið því skilyrði að El Chapo yrði ekki tekinn af lífi, enda tíðkast slíkt ekki í Mexíkó.

Í samtali við fréttastofu New York Times greindi nafnlaus heimildarmaður hennar innan dómsmálaráðuneytisins frá því, að það væri vel mögulegt að óskað yrði eftir framsali en engin skref hefðu verið stigin í því máli eins og er. - þea



David Cameron, forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Semur um stöðu Bretlands í ESB

BRETLAND David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í gær miða að því að semja við Evrópusambandið (ESB) um ný skilyrði fyrir áframhaldandi veru Breta í sambandinu. Á næsta ári segir hann mögulegt að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Bretland eigi að segja sig úr sambandinu, líkt og hann hefur lofað.

Cameron vill að Evrópusambandið skeri niður skrifræði sem hann telur ríkja innan sambandsins. Enn fremur vill hann að aðrar reglur gildi um ríki innan evrusvæðisins og utan þess og að Bretland fái að marka sína eigin innflytjendastefnu í meiri mæli.


„Þetta væri risastór fengur fyrir Bretland. Ef við getum breytt þeim hlutum sem ógna veru okkar í sambandinu getum við notið hins besta úr báðum heimum,“ sagði Cameron á blaðamannafundi í gær. „Það er best fyrir Bretland að halda sig innan breytts Evrópusambands.“ - þea

Ekkert spurst til íslensks manns

SAMFÉLAG Lögreglan í London og Newcastle leitar að íslenskum manni, Brendan Brekkan Þorvaldsyni, sem ekki hefur sést síðan sjöunda desember síðastliðinn. Fjölskylda Brendans hefur óskað eftir aðstoð við leit að honum á Facebook en án árangurs.

Samkvæmt Emiliu Sigurðardóttur, mágkonu mannsins, hélt hann utan þann þriðja desember síðastliðinn og sást við Kings Cross lestarstöðina í London fjórða og sjöunda desember að „böska“ eða spila á gítar fyrir gangandi vegfarendur. Hann hafði sagt fjölskyldu sinni að ferðinni væri heitið til Newcastle en engin staðfesting hefur borist á því að hann hafi farið þangað.

Emilía segir að Brendan noti ekki samfélagsmiðla og því sé sérstaklega erfitt að ná sambandi við hann. - snæ



Náttúra Íslands í Perlunni

Reykjavíkurborg óskar eftir umsóknum áhugasamra aðila um rekstur á sýningu í Perlunni sem fjallar á metnaðarfullan hátt um náttúru Íslands.

Gert er ráð fyrir því að náttúrusýning skapi nýjan og áhugaverðan áfangastað í Öskjuhlíð sem dragi til sín fjölda innlendra og erlendra gesta.

Húsnæði Reykjavíkurborgar í Perlunni er til ráðstöfunar í verkefnið. Annars vegar meginbygging og hins vegar einn af sex hitaveitutönkum Orkuveitu Reykjavíkur.

Leigusamningur um meginbyggingu verður ótímabundinn með uppsagnarákvæðum en leigusamningur um hitaveitutank verður í samræmi við leigusamning Reykjavíkurborgar við Orkuveitu Reykjavíkur sem rennur út 1. nóvember 2023 en framlengist þá að óbreyttu um fimm ár.

Áhugasamir aðilar skulu senda tölvupóst til innkaupadeildar Reykjavíkur, utbod@reykjavik.is til að fá nánari upplýsingar um verkefnið.

Umsóknum um þátttöku skal skilað á netfangið utbod@reykjavik.is eigi síðar en 22. febrúar 2016.



GERÐU FRÁBÆR KAUP

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BREYTA OG BÆTA!



D4176 Avance eik rustik

Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt
25 ára ábyrgð
Borða stærð: 1380x193 mm

Verð áður/fullt verð: 2.510 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 1.590 kr. m²



RV809 Honey eik beige

Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt
25 ára ábyrgð
Borða stærð: 1380 x 193mm

Verð áður/fullt verð: 3.325 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 1.990 kr. m²



D3224 Atlas eik natur

Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt
25 ára ábyrgð
Borða stærð: 1380x193 mm

Verð áður/fullt verð: 3.325 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 1.990 kr. m²



D3572 Harbour eik grá

Gæðaflokkur AC4
8 mm þykkt
25 ára ábyrgð
Borða stærð: 1845x244 mm

Verð áður/fullt verð: 3.808 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 2.390 kr. m²



R1006 Loft eik rustik

Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt
30 ára ábyrgð
Borða stærð: 1380x193 mm

Verð áður/fullt verð: 4.446 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 2.790 kr. m²



R1009 Loft eik silfur

Gæðaflokkur AC5
10 mm þykkt
30 ára ábyrgð
Borða stærð: 1380x193 mm

Verð áður/fullt verð: 4.446 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 2.790 kr. m²



D3081 Everest eik ljós

Gæðaflokkur AC5
12 mm þykkt
30 ára ábyrgð
Borða stærð: 1845x188 mm

Verð áður/fullt verð: 6.590 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 3.990 kr. m²



CR4198 Grand eik lion

Gæðaflokkur AC5+
12 mm þykkt
35 ára ábyrgð
Borða stærð: 2780x244 mm

Verð áður/fullt verð: 7.295 kr.

ÚTSÖLVERÐ: 4.790 kr. m²

Sértilboð á undirlagi

3 mm, 20 db hljóðdempun
gæða undirlag

20 m² rúlla á aðeins

kr. 5.000.-

kronotex
FLOORS FOR LIVING

HÖRKU ÚTSALA

Á ALVÖRU
PLANKA
HARÐPARKETI
VERÐ FRÁ 1.590 kr. m²

Birgisson

Gú gú og ga ga



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Gulli varð listmálari, Daniel og Skúli lögðu fyrir sig bílavíðskipti, Jói fór í gæslustörf og Siggi gerðist sjómaður, enda alltaf með hugann við hafið, en ég varð vistmaður á Kleppi, gú gú og ga ga, bimmi limm og bomm bomm, á eilífum byrjunarreit, eilífri endastöð, einfari að atvinnu.

Svona segir sögumaður Einars Mús Guðmundssonar í Englum alheimsins frá því hvaða stefnu nokkrir ungrir menn tóku í lífinu, eftir því hvert hugur þeirra stefndi, flestir sjálfviljugir en einn tilneyddur undir oki geðklofa. Englar alheimsins er efalítið þekktasta bók þessa stórmerka listamanns Einars Mús enda er hún flestum Íslendingum kunn. Við höfum flest lesið hana, séð hana í bíói, sjónvarpi eða á sviði og ferðalag þessarar bókar er rétt að byrja. Englar alheimsins hafa skapað ógrynni starfa og efnislegra verðmæta, eftir þjóðarþúð margfræga og aukið veg okkar og virðingu úti í hinum stóra heimi. En ekkert af því er stóra málið.

Þessi bók var ekki skrifuð peninganna vegna og hún hefur ekki gert höfundinn að milljóner. Einar Már Guðmundsson er reyndar einn þeirra fjölmörgu íslensku listamanna sem hefur stundum verið á listamannalaunum. Hvort Einar Már var á slíkum launum þegar hann skrifaði Engla alheimsins skal ekkert fullyrt um. Hafi svo verið þá hefur það augljóslega verið með betur heppnuðu fjárfestingum sem þjóðin hefur gert. Það er reyndar marganna að listsköpun er góð fjárfesting. En eins og áður sagði er það ekki stóra málið.

Stóra málið er að góð listaverk breyta heiminum. Aðeins í gegnum list getum við komist út úr okkur sjálfum og séð heiminn með augum annarra, sagði Proust og ég vona að ég fari rétt með, og það er stórkostlegt. Í gegnum listina getum við lifað ótal æviskeið, fundið til, hlegið og grátið í gegnum aldirnar um veröldina þvera og endilanga. Við getum séð heiminn með augum karla og kvenna, bílasala, sjómanna, listmalara, forseta jafnt sem kleppara sem lifið fjarar undan á eilífri endastöð. Því sá sem velur að njóta listar getur séð heiminn með þúsund augum flugunnar og lært að skilja bæði sjálfan sig og aðra. Það er ómetanlegt.

Englar alheimsins er eitt af þessum óteljandi listaverkum sem gera okkur einmitt mögulegt að sjá heiminn með augum annarra. Listaverk sem braut á bak aftur ranghugmyndir og fordóma og gerði okkur kleift að breyta hugmyndum okkar og afstöðu til þeirra sem takast á við geðsjúkdóma. Bók sem breytti heiminum og gerir enn á hverjum degi. Bók sem lifir með okkur og við með henni.

Audvitað er það ekki svo að í hvert sinn sem listamaður fer á listamannalaun að þá fylgi því trygging fyrir að vel takist til. Slíkt er hvorki eðli lista né vísinda að allar tilraunir skili árangri. En í hvert eitt sinn sem vel tekst til þá er ávinningurinn slíkur að það verður illa metið til fjár en þeim mun fremur til framfara. List er nefnilega leið til betra lífs fyrir okkur öll. Og að halda því fram að það borgi sig ekki að greiða nokkrum laun fyrir að skapa list er álíka gú gú og ga ga og að halda því fram að sjávarútvegur borgi sig ekki því að netin séu alls ekki full í hverju kasti.



Bók sem breytti heiminum og gerir enn á hverjum degi. Bók sem lifir með okkur og við með henni.

Halldór



Frá degi til dags

Efsta lag píramídans
Í blaði dagsins neitar Jón H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri að tjá sig um ásakanir sem fyrrverandi yfirmaður fíkniefnaeildar lögreglunnar ber á hann. Ásakanirnar eru þess efnis að Jón hafi ekki farið lengra með greinargerð um óheilindi fulltrúa í fíkniefnaeildinni og þar með komið í veg fyrir rannsókn málsins. Kvartanir höfðu borist um árabíl.

Það er tilfinning margra að lögreglan sé ríki í ríki sínu. Þar ráði og ráðskist karlar sem reyna af öllum mætti að stýra ímynd lögreglunnar jafnvel þó það komi niður á heiðarlegum starfsáttum. Þeir líta svo á að starf þeirra felist öðru fremur í að standa saman gegn gagnrýnisröddum en ekki gegn spillingu. Slíkir menn eiga ekki heima í valdastöðum. Þetta eru vinnubrögð sem tilheyrja liðinni tíð.

Fangar fyrir allra augum
Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir svörum frá fangelsismálastjóra vegna ítrekaðra ummæla sem hann hefur viðhaft um Kaupþingsfangana sem sitja á Kviðabryggju. Ummælin eru þrens konar og gefa öll innsýn inn í líf frelsissviptra glæpamanna. Bæði Íslendingar og erlendir fjölmiðlar hafa áhuga á fongunum en fangelsismálastjóri verður að muna að þeir njóta friðhelgi einkalífs eins og annað fólk og frelsissviptingin rænir þá ekki af henni. snaeros@frettabladid.is

Dúfnadauði í Hafnarfirði



Árni Stefán Árnason
lögfræðingur

Í lögum um velferð dýra eru mjög nákvæm ákvæði, með hvaða hætti aðbúnaður dýra skuli vera og í lögum segir jafnframt, að öryggi þeirra skuli tryggð. Refsivert getur verið, sé um alvarleg frávik frá ákvæðum laga um dýravelferð að ræða.

Nýlega brast út eldur í dúfnakofa nálægt Straumsvík þar sem talið er, að yfir 200 dúfur hafi orðið eldinum að bráð. Dauði sumra þeirra, ef ekki allra hefur ekki verið þjáningalaus.

Aðbúnaður fuglanna á þessum stað hefur sætt gagnrýni. Það er greinarhöfundur kunnugt um. Ekki fjarri þessum stað, á Völlumum í Hafnarfirði eru allmargir dúfnakofar, sem greinarhöfundur er kunnugt um, að gerðar hafa verið athugasemdir við af heilbrigðisfyrirvöldum vegna slægs aðbúnaðar.

Eftirlit með dýrahaldi í suðvesturumdæmi, sem og á öðrum stöðum á landinu er í höndum Matvælastofnunar og umráðamanna. Ábyrgð á umhirðu, atlæti, aðbúnaði og öryggi dýra bera umráðamenn. Augljóst er þó, að eftirlit Matvælastofnunar brást í þessu tilviki. Með þessum tíðindum tekur stofnunin vonandi á þessu dýrhaldi og skerpir eftirlit sitt.

Af fréttum má ráða, að ekkert öryggiskerfi hafi verið til staðar á 200 fugla dúfnabúi. Það er óskiljanlegt. Reykskynjarar tengdir öryggisþjónustu, slökkvikerfi eins og þekkt í ýmsum verslunum hefði getað komið í veg fyrir þennan alvarlega atburð, sem ég tel að skrifist á gáleysi umráðamanna og skort á eftirlitsskort.

Þar sem ég er nokkuð kunnugur dúfnahaldi á Íslandi, sem ég hef ástæðu til að ætla að sé almennt til fyrirmyndar hlýtt ég að skora á Matvælastofnun að taka þetta dýrahald til sérstakrar skoðunar. Svona atvik eiga ekki að geta komið upp ef umráðamenn nýta sér fullkomnustu öryggistækni, sem völ er á. Það tel ég að ætti að vera skylt að gera allsstaðar þar, sem mikill fjöldi dýra er haldinn. Ekki síst þar, sem slíkt dýrhald er fjarri mannabyggð eins og raunin er með dúfnakofana í Straumsvík.



Af fréttum má ráða, að ekkert öryggiskerfi hafi verið til staðar á 200 fugla dúfnabúi. Það er óskiljanlegt.

MYNDAALBÚM 200 VASAR

3 LITIR Í BODI



Vildarverð:
999.-
Verð:
1.839.-



PENNINN Eymundsson

Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Vildarverð gildir 11. jan. til og með 17. jan. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Óða fólkið



Í DAG

Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Donald Trump gæti orðið forsetaefni repúblikana ef svo fer sem horfir. Hann er alltaf á svipinn eins og hann sé að öskra – og er það líka vísast. Þetta er broslægur maður og bálreiður eftir því. Hann er vell-audugur en verður sífellt reiðari með hverjum dollaranum sem honum græðist. Hann á ekki í samræðum en öskrar þeim mun hærra. Hann aðhyllist firur sem hann þrástast nógu oft á til að þær verði umræðuefni. Í ræðum sínum veitist hann að eignalaus fólki sem á hvergi heima. Hann nærast á því að ganga fram af fólki og verða þar með sjálfur að umræðuefni og talsmanni allra þeirra sem telja sig ekki njóta sannmælis hjá gáfnaljósnum veraldarinnar. Hann ræktar hatur sitt og sinna og hatríði á sér og sínum.

Óðurinn til reiðinnar

Hann er verðugur fulltrúi og fram-bjóðandi Óða fólksins. Hirdir ekki um staðreyndir, hlustar ekki á rök, situr fastur við sinn keip, alveg fok-vondur. Hugmyndir sem áður voru naumast til umræðu hafa öðlast lögmæti vegna framgöngu hans. Fólki eins og hann sækir í sig

veðrið víða um heim, eftir því sem viðsjár aukast og vandi heimsins sýnist flóknari. Þá koma þessir frambjóðendur og boða að vandi heimsins verði leystur með því að öskra á hann eða afneita honum – eða lumbrá á „hinum“.

Það er áhyggjuefni að slíkur stjórnmalamaður skuli hljóta svo mikinn hljómgrunn meðal kjósenda og hve grunnt virðist víða á rasisma og útlendinga-andúð og paranoju vegna ímyndana um lífsrými sem þrengt sé að. Enn er á lífi fólki sem man seinni heimsstyrjöldina þegar barist var um grundvallaratriði í samfélags-skipan okkar: frelsi einstaklingsins og réttindi hvers og eins óháð aldri, kyni, skoðunum, trú, útliti, uppruna.

Þetta er grundvallaratriði. Allt í einu er komið fram fólki sem fellst ekki á kennisettingar amerísku stjórnarskrárinnar og frönsku byltingarinnar um að allir menn séu fæddir jafnir og allir menn skuli jafnir. Það telur að fólki skuli dæmt vegna hörundslitar eða trúarbragða. Það heldur því fram að manneskja af tilteknum uppruna og með tiltekna trú þurfi að afsanna að hún sé glæpamaður áður en henni sé treystandi.

Óða fólkið er vitaskuld hér á landi líka, fnæsandi af reiði og ótta í garð annars fólks út af einhverju: þjóðerni, kynhneigð, hörundslit, atvinnu eða yfirsjónum – mosku eða flugbrautum. Það þyrpist saman á netmiðlum eða í raunheiminum og gerir aðsög að einstaklingum. Tilfinningalegt hópefli á netinu er hættulegt, því að við tókum iðulega afstöðu til mála þar

án þess að hafa allar upplýsingar sem þarf til að veða og meta ólík sjónarmið. Almennt talið er góður siður að stilla sig um að dæma nokkurn mann af því sem maður sér haft eftir honum eða um hann á netmiðlum.

Netið nærir fljótferni okkar og dómgirni. Það færir okkur sjónarmið sem eru til þess fallin að staðfesta hugmyndir okkar en þar er erfiðara að veða og meta mótsagnirnar sem veruleikinn er fullur af. Netið nærir reiði okkar – það getur espað upp æði í okkur. Óða fólkið eru kannski ágætis manneskjur svona almennt og yfirleitt, sem einstaklingar. En það getur safnast saman kringum hugmynd sem það espar upp hvert hjá öðru, og fær þá hver einstaklingur styrk af hópnum og styrkir um leið hópinn, svo að úr getur orðið skelfilegt afl.

Mannréttindi eru algild

Kærlekurinn þarf ekki orð, þarf ekki hugmyndakerfi – þarf ekki annað en opinn faðm og bros. Hatríði þarf hins vegar á margbrotnum réttlætningum að halda, því að einstaklingurinn þarf að sefja sjálfan sig og telja sér trú um að sér beri að hata annað fólki. Einhver einkennilegasta og ógeðslegasta – og útbreiddasta – birtingarmynd hatusins nú á dögum er kvenhatur. Það er raunar ein af helstu plágum mannkyns um þessar mundir og birtist með margvíslegu móti, bæði hér og annars staðar. Við sáum kvenhatríði að verki um áramótin hjá ungum karlmönnum með múslimskan bakgrunn í Köln. Þeir



Þeir veittust að aðvifandi konum með dólghætti, áreitni, gripdeildum og árasum. Þeir voru Óða fólkið.

veittust að aðvifandi konum með dólghætti, áreitni, gripdeildum og árasum. Þeir voru Óða fólkið.

Það verður ærið verkefni að takast á við ranghugmyndir þessara pílta sem sækja einmitt kvenhatur sitt í hátimbrað hugmyndakerfi íslams þar sem útskýra þarf í löngu og flóknu máli svo augljósar firur og þær að þeim beri að líta niður á konur, enda er karlmönnum það í rauninni framandi og ógeð-

felld hugmynd – hvað sem líður öllu kvenhatrinu sem að þeim er haldið. Engin ástæða er til að draga fjöður yfir það að í hópi þeirra innflytjenda sem þyrpast frá Miðausturlöndum til Evrópu um þessar mundir eru ýmsir sem aðhyllast margvíslegar grillur. Vandamálin eru óteljandi sem fylgja manneskjunum. Hitt má ekki gleymast: sérhver einstaklingur á sinn rétt á réttlátri málsmeðferð; mannréttindi vinnur maður sér ekki inn með góðri framkomu, þau eru algild; og mælikvarði á samfélög hversu vel þau eru haldin. Í opnu samfélagi fer fram sífellt samræða og þar ríkir stöðug og frjáls samkeppni hugmynda. Við þurfum að tala um kvenhatríði í islam og takast á við það, en við þokumst ekki nær úrlausn nokkurra vandamála með því að öskra á þau.

60 ÁRA
2016

REYKJAFELL



60 ár að baki og við horfum til framtíðar

Reykjafell · Skipholt 35 · Sími 588 6000

reykjafell.is

Í tilefni þess að Reykjafell er 60 ára langar okkur að bjóða þér á rafmagnaða fyrirlestradaga á Hótel Hilton

Ekki láta þig vanta á þessa frábæru viðburði dagana 13. til 15. janúar á Hótel Hilton þar sem erlendir sérfræðingar á sviði lýsingar, raflagna og iðnstýringa flytja ýmis fróðleg erindi. Fyrirlestrarir fara fram á ensku.

Húsið opnar kl. 8.30 alla dagana með ljúffengum morgunverði áður en fyrirlestrarir byrja.

» Skráning og ítarleg dagskrá á reykjafell.is/fyrirlestrar

Takmarkað
framboð af
sætum

MÍÐVIKUDAGUR 13. JAN, KL. 9.00 - 11.00
Frágangur eldvarna í raflögnum

Frank Massallek og Jan Wagner frá Spelsberg deila með gestum þekkingu sinni og áratuga reynslu í áhugaverðum fyrirlestri um hönnun og uppsetningu eldvarna í byggingum og jarðgöngum.

FIMMUDAGUR 14. JAN, KL. 9.00 - 11.00
Form töfluskápar og aflrofar

Farið verður yfir uppbyggingu og hönnun á Form 1-4 Modul töfluskápunum frá Logstrup. Í framhaldi verður rætt um loft- og aflrofa og heildarlausnir í töflusmiði með Logstrup og Eaton.

FIMMUDAGUR 14. JAN, KL. 13.00 - 15.00
Lýsing frá öllum hliðum

Dr. Amrita Prased frá Zumtobel fer ofan í kjöllinn á áhrifum lýsingar á liðan fólks og Graeme Shaw starfsbróðir hennar fjallar um ljósastýringar og tæknilegar áskoranir LED lýsingar.

FÖSTUDAGUR 15. JAN, KL. 9.00 - 11.00
Öryggi véla og vélbúnaðar

Bjarne Erichs frá Pilz kynnir regluverk og staðla öryggisbúnaðar. Hann fer einnig yfir CE merkingar, ferla og áhættumat ásamt því að kynna EN ISO 13849-1 staðalinn.



LÝSING



AFLDREIFING



RAFLAGNIR



IÐNSTÝRINGAR



Það hefur reynt mikið á landsliðsþjálfarann Aron Kristjánsson við að stilla saman strengina hjá íslenska landsliðinu fyrir Evrópumótið í Póllandi sem hefst á föstudagskvöldið. Hér sjást nokkur svipbrigði hjá þjálfaranum í sigrinum á Þjóðverjum í Hannover í gær en hann á enn eftir að skera niður íslenska hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Enginn Íslendingur hefur unnið Ísland oftast

Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska landsliðsins, varð um helgina fyrsti íslenski þjálfari til að vinna íslenska landsliðið í þriggja leikjum en hann jafn þeim Guðmundi Guðmundssyni og Patreki Jóhannessyni.

Flestir sigrar Íslendinga á íslenska handboltalandsliðinu



3 sigrar
1 jafntefli
2 töp

Dagur Sigurðsson
- Þrífst í sibreytilegu og krefjandi starfsumhverfi og er fljót/ur að tileinka sér nýjungar.
- Lausnamiðuð/aður, jákvæð/ur og með brennandi áhuga á miðlun.

Nánari upplýsingar og umsóknarform á www.RUV.is/laus-storf.

Frækari upplýsingar veitir Svævar Jóhannesson í síma 515 3000 eða tölvupósti saevar.johannesson@ruv.is

Æskilegt er að umsækjendur skili verkðæmum með umsókninni. Umsóknir skulu berast eigi síðar en mánudaginn 18. janúar 2015. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

RÚV



GRÍÐARLEGT
ÚRVAL AF
FUGLABÚRUM
FYRIR STÓRA OG
LITLA FUGLA



DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opíð 11-18 virka daga / 12-18 um helgar

**Draumabíllinn er
á sjálfsalinn.is**

SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT
ENGIN SÖLULAUN

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur og seljendur ganga frá bílaviðskiptum milliliðalaust

SJÁLFSALINN.IS

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1897 Leikfélag Reykjavíkur er stofnað. Fyrsta sýningin er þó ekki fyrir en í lok ársins, eða þann 18. desember.

1918 Bjarndýr kemur í fyrsta skipti þennan frostavetur. Gengur dýrið á land í Núpasveit austan Öxnafljóðar.

1922 Insúlin er notað í fyrsta sinn til að vinna gegn sykursýki.

1935 Amelia Earhart flýgur frá Hawai til Kaliforníu, fyrst kvenna.

1942 Japanar hertaka Kúala Lúmpúr í Malasíu.

1944 Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst og áhöfnin öll með.

1963 Fyrsta diskótekið, Whiskey A Go-Go, opnað í Bandaríkjunum.

1974 Fyrstu sexburarnir sem lifa fæðinguna af fæðast í Suður-Afríku.

1980 Hinn fjórtán ára Nigel Short verður yngsti alþjóðlegi skákmeistari sögunnar.

1990 Fjórutíu skip fá 28.400 lestir af loðnu, djúpt úti fyrir Austfjörðum. Þetta er mesta veiðin á einum sólarhring, og slær þar með út metið sem sett var 11. febrúar 1980, sem þá var 23.180 lestir.

1993 Dýpsta lægð sem vitað er um á Norður-Atlantshafi, 910-920 millibör, fer norður með Austurlandi með þeim afleiðingum að röskun verður á samgöngum en skemmdir verða þó litlar.



Ariel Sharon



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

Guðmundu Kristbjargar Þorgeirsdóttur

áður til heimilis að Hæðargarði 29.

Grétar Eiríksson
Oddur Eiríksson
Guðbjörg Eiríksdóttir

Elín Hilmarsdóttir
Alda Steingrimsdóttir
Bjarni Brynjólfsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Þorbergsdóttir

Skarðshlíð 24c, Akureyri,

lést 1. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.30.

Bjargey Pétursdóttir
Arnar Pétursson
Soffía Pétursdóttir

Sveinn Ævar Stefánsson

Baldvin Eiðsson
ömmu- og langömmubörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Dóra Gíga Þórhallsdóttir

áður til heimilis að Hátúni 6a, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, laugardaginn 2. janúar.

Hún verður jarðsungen frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.

Guðrún Andrésdóttir
Þórhallur Andrésen
Kristján Ottó Andrésen
Dóra Gíga Þórhallsdóttir
Ragnar Þórhallsen
Áróra Sirri Atladóttir

Sigríður Thorsteinsson

Atli Sævar Guðmundsson
Birna Ásbjörnsdóttir



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Vilmundarson

lést að morgni nýársdags á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þann 14. janúar kl. 13.00.

Erla Skagfjörð

Helgi Skagfjörð

Jósef Kristjánsson

Vilmundur Kristjánsson

Kolbrún Kristjánsdóttir

barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Sigurveig Þórlaugsdóttir

Ingunn Björnsdóttir

Ingunn Hrefnudóttir

Kristján Oddsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Háskólinn leggur sitt af mörkum í umræðunni

Háskóli Íslands boðar til fundar á morgun um sýrlenska flóttamenn í Evrópu. Jón Atli Benediktsson rektor segir mikinn vilja til að ræða málin. Sérfræðingar hjá NRC flytja mál.

Háskóli Íslands boðar til fundar á morgun um sýrlenska flóttamenn í Evrópu. Fundurinn er sá þriðji í fundaröð Háskólans sem nefnist Fræði og fjölmennning. Að þessu sinni er fundurinn haldinn í samstarfi við utanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið sem flytja inn fulltrúa frá frjálsu félagasamtökunum Norwegian Refugee Council (NRC).

„Stóraukinn straumur flóttafólks frá stríðshráðum svæðum, sérstaklega frá Síurlandi, til Evrópu hefur blásið nýju lífi í umræður um fjölmenningsamfélagið,“ segir í fundarboði Háskólans en sýrlenskir ríkisborgarar á flótta eru nú um fjórar og hálf milljón og hafa hundruð þúsunda sótt um hæli í Evrópu.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskólans, kemur til með að setja fundinn klukkan 12. Hann segir mikinn vilja innan Háskólans, bæði meðal fræðasviða og stúdenta, til að ræða málin. „Við viljum leggja það af mörkum hvað Háskólinn hefur fram að færa til að treysta umræðuna,“ segir Jón Atli.

„Við höfum verið með tvo fundi hingað til og er ráðstefna fyrirhuguð sjötta febrúar um málefnið. Þá verða nokkrar málstofur um mismunandi málefni. Fyrsti fundurinn okkar var í lok nóvember og var hann um fjölmenningu, fjölmiðla og stjórnmál. Þá var annar fundurinn um fjölmenningu og menntun. Í framhaldi af þessari fundaröð viljum við taka fyrir á þessum málstofum ýmislegt sem tengist fjölmenningu,“ segir Jón Atli og bendir á að vel hafi gengið hingað til, alltaf hafi verið fullur salur. Þá segir Jón Atli stefnt að því að halda fundi einu sinni í mánuði í kjölfarið.

Í kjölfar fundarsetningar mun Eygló Harðardóttir velferðarráðherra greina frá viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við stríðinu í Síurlandi og áskorunum vegna aukins straums flóttamanna til Evrópu. Þá mun Auðbjörg Halldórsdóttir, forsvarsmáður Íslensku friðargæslunnar, fjalla um framlag Íslands til mannúðarmála sem tengjast ástandinu í Síurlandi.

Auk þeirra munu tveir liðsmenn NRC flytja erindi. Martin Hartberg, sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda hjá NRC, mun fjalla um stöðu mála í Síurlandi, áhrifum átakanna í Evrópu og starfsemi NRC í tengslum við þau. Þá mun Arvinn E. Gadgil, yfirmaður samstarfs- og stefnumáladeildar hjá NRC taka til máls. thorgnyr@frettabladid.is



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir Háskólann vilja leggja sitt af mörkum til að treysta umræðuna um málefni flóttamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞETTA GERÐIST: 11. JANÚAR 1960

Tsjad lýsir yfir sjálfstæði

Afríkuríkið Tsjad lýsti yfir sjálfstæði þennan dag árið 1960 eftir að Franska Miðbaugs-Afríka leystist upp í ríkin Gabon, Tsjad, Vestur-Kongó og Mið-Afríkulýðveldið. Eins og nafnið bendir til tilheyrði Tsjad Frakklandi áður en sjálfstæði var lýst yfir.

Í kjölfarið var fyrsti forseti landsins, François Tombalbaye, kjörinn. Tombalbaye kom á flokksræði og bakaði sér fljótt þó nokkrar óvinsældir. Uppreisn hófst þegar stutt var liðið á valdatíð hans í norðurhluta landsins og löng borgarastyrjöld braust út með þeim afleiðingum að Tombalbaye var drepinn árið 1975. Þá tók herforingjastjórn við taumunum.

Ekki voru friðartimar á næsta leiti og sölsaði einn leiðtoga stjórnarinnar, Hissene Habre, undir sig völdin eftir aðra borgarastyrjöld árið 1982. Í valdatíð hans fyrirskipaði hann morð á um 40.000 einstaklingum og um 200.000 voru pyndaðir. Hann ríkti til 1990 en þá steypiti núverandi forseti, Idriss Déby, honum af stóli.



Forseti Tsjad, Idriss Déby, sést hér með utanríkisráðherra Frakklands árið 2008 þar sem Frakkar lýstu yfir stuðningi við stjórn Debý. NORDICPHOTOS/AFP

Valdatíð Debý hefur ekki verið róleg fremur en valdatími forvera hans. Árið 2005 lýsti Tsjad yfir stríði gegn Súdan og

ári seinna hófst enn önnur borgarastyrjöldin. Báðum styrjöldum lauk árið 2010 án þess að Debý yrði steypst af stóli. - þea



KRISTJÁN MÁR UNNARSSON

LANDNEMARNIR



Í KVÖLD KL. 20:40


LANDNEMARNIR



Ný og vönduð þáttaröð þar sem Kristján Már Unnarsson rýnir í ráðgátur landnámsins og upphaf Íslandssögunnar. Rannsóknir á ólíkum fræðasviðum leiða fram nýjar vísbendingar um rætur íslensku þjóðarinnar. Siglingar manna frá Íslandi leiddu síðar til landafunda á Grænlandi og Vínlandi. Sagan er full af heillandi ráðgátum sem fræði- og áhugamenn leita svara við.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Mánudagur



Austlæg átt 5-13 m/s og snjócoma eða el sunnan- og vestantil í nótt og á morgun og gæti því hvítnað á höfuðborgarsvæðinu. Hægari norðanátt og stöku el með norður- og austurströndinni. Frost 3 til 13 stig, kaldast inn til landsins.

Þriðjudagur

Reykjavík -5° ↖ 6	Ísafjörður -6° ↙ 6	Akureyri -6° ↘ 5
Egilsstaðir -6° ↘ 8	Kirkjubæjarkl. -8° ↓ 7	Hveravellir -13° ↓ 6

Miðvikudagur

Reykjavík -3° ↓ 5	Ísafjörður -3° ↙ 11	Akureyri -3° ↓ 5
Egilsstaðir -2° ↓ 8	Kirkjubæjarkl. -4° ↙ 7	Hveravellir -8° ↓ 5

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- fria,
 - tveir eins,
 - skref,
 - gubb,
 - tveir eins,
 - æsir,
 - Venjur,
 - strit,
 - dvelja,
 - frostskemmd,
 - tveir eins,
 - handa.

- LÓDRÉTT**
- ómögulegur,
 - Ógrynni,
 - málsgrein,
 - sigað,
 - nærri allar,
 - væta,
 - svelg,
 - réttur,
 - keyra,
 - 950.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. lósa, 6. ff, 8. fet, 9. aela, 11. tt, 12. regin, 14. agl, 13. iou, 15. ragu, 16. aka, 19. lm.

LÓDRÉTT: 1. ófær, 3. of, 4. setning, 5. átt, 7. flestar, 10. síðir, 16. at, 17. una, 18. kal, 20. gó, 21. arma.

Skák Gunnar Björnsson
Hér er skemmtileg en nokkuð erfið skákþraut. Hvernig heldur hvítur jafntefli?



Hvítur á leik
1.Kb3! g3 2.Kc4! h3 3.Kd5! h2 4.Kc6! g2 5.Ha1+ Kb8 6.Hb1+ Kc8 7.Ha1! Kd8 8.Kd6 Ke8 9.Ke6 Kf8 10.Kf6 Kg8 11.Ha8+! (11. Kg6 g1D+) Kh7 12.Ha7+ Kh6 13.Ha8! Kh5 14.Kf5 Kh4 15.Kxf4 og svartur getur ekki forðast þrátefli.

www.skak.is Þriðja umferð Skákþings Reykjavíkur.

Sudoku

LÉTT

			1			2		9
		4				3		5
			6	3		4	8	
5	4			6			9	
2	8		7	1				
	9	1		8	4			7
			8		3			
6	2			7				
	1	3				8	4	

MIDLUNGS

8	1	5		3				
		7				8	5	
4		2		7				
			7	5		3	9	
1						7	2	
	8			2				
		4		9		8	2	
9				8				
3			4	2	6			

ÞUNG

		7	1	6			5	4
			9				3	
		6	8		4	7		
8								5
1			4		6	8		
							4	7
			6	5	1			
			7			9		3
		2	9	3				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

9	7	5	2	3	4	1	8	6
3	8	6	5	9	1	7	2	4
4	1	2	7	6	8	9	3	5
5	9	4	6	1	2	8	7	3
2	3	1	8	7	5	4	6	9
7	6	8	3	4	9	2	5	1
6	4	3	9	2	7	5	1	8
8	2	9	1	5	6	3	4	7
1	5	7	4	8	3	6	9	2
9	4	3	1	8	5	7	2	6
1	5	2	9	6	7	3	4	8
6	7	8	2	3	4	5	9	1
2	6	5	8	7	1	4	3	9
3	8	7	4	9	6	1	5	2
4	9	1	3	5	2	6	8	7
8	1	4	6	2	3	9	7	5
7	2	6	5	4	9	8	1	3
5	3	9	7	1	8	2	6	4
1	8	4	2	3	6	7	9	5
7	2	3	9	5	1	6	4	8
5	9	6	8	7	4	1	2	3
9	4	7	6	1	5	8	3	2
2	1	5	3	8	9	4	6	7
6	3	8	4	2	7	9	5	1
3	5	9	7	6	8	2	1	4
4	7	1	5	9	2	3	8	6
8	6	2	1	4	3	5	7	9

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



EIGNIR Í NÁGRENNINU

Kaupá Leiga

Tegund húsnæðis

Einbýli Raðhús Þarhús

Hæð Fjölbýli Atv. húsn.

Radius frá þinni staðsetningu 1.5 km

Verðmál 20 M 40 M

Nýtt í dag Nýtt í vikunni

Endurséja Afram

Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is



FJÖLVARP
 Þeir sem fá sér
FJÖLVARPSPAKKA
 fyrir 1. febrúar fá
 fyrsta mánuðinn
 á **0 kr.**

Allt á milli himins og jarðar í tveimur sneisafullum pökkum

FJÖLBREYTT ERLENT EFNI

365

Fjölvarp Veröld og Fjölvarp Evrópa veita þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, fréttu- og fræðsluefni, skemmtipáttum, barnaefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vonduðu sjónvarpsefni. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld og Fjölvarpi Evrópu ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.



FJÖLVARP VERÖLD



6.590 kr.
Aðeins 220 kr. á dag

FJÖLVARP EVRÓPA



3.290 kr.
Aðeins 110 kr. á dag

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

THE HATEFUL EIGHT
THE 8TH FILM BY QUENTIN TARANTINO
★★★★★ - CHICAGO SUN-TIMES
★★★★★ - BIÖVEFURINN
★★★★★ - USA TODAY

JOY
FRÁ LEIKSTJÓRA SILVER LININGS PLAYBOOK OG AMERICAN HUSTLE
★★★★★ - S.G.S. MBL

SISTERS
BIG SISTERS DON'T ALWAYS KNOW BEST.
★★★★★ - S.G.S. MBL

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Mjóssa og nánari upplýsingar

THE HATEFUL EIGHT

DADDY'S HOME

STAR WARS

SISTERS

SNATI KALLI BJARNA SMÁFÓLKID

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE HATEFUL EIGHT	5, 9
DADDY'S HOME	8, 10:10
STAR WARS 2D	5
SISTERS	8, 10:30
SMÁFÓLKID 2D	5:50

SAMBÍÓINN NAÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Frábær grínmynd með Will Ferrell og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum.
★★★★★ - DFVCOM
★★★★★ - WHAT CULTURE

Þökkum frábærar viðtökur 70.000 manns
★★★★★ - K.L. VÍSIRIS
★★★★★ - USA TODAY
★★★★★ - S.G.S. MORGUNLAUB
★★★★★ - TOTAL FILM

NYÁRSMYNDIN 2016
★★★★★ - BOSTON GLOBE
HASARATRIÐIN GERAST EKKI FLOTTARI MEIRIHÁTTAR ÁRAMÓTASPRENGJA
POINT BREAK
LUKE BRACEY
EDGAR RAMIREZ
TERESA PALMER
RAY WINSTONE

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK	AKUREYRI
DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10	DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10	DADDY'S HOME kl. 8 - 10:10	DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK kl. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:55	POINT BREAK kl. 5:30 - 8 - 10:30	POINT BREAK kl. 10:55	POINT BREAK kl. 10:55
STAR WARS 3D kl. 5 - 8 - 10:55	STAR WARS 3D kl. 7 - 10	STAR WARS 2D kl. 5:10 - 8 - 10:50	STAR WARS 3D kl. 8
STAR WARS 2D kl. 8	STAR WARS 2D kl. 5:10 - 8 - 10:50	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8
STAR WARS 2D VIP kl. 5 - 8 - 10:55	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8
SMÁFÓLKID kl. 6	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8
IN THE HEART OF THE SEA 2D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8	STAR WARS 3D kl. 8
KRINGLUNNI NÚMERUD.SÆTI	AKUREYRI		
DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10	DADDY'S HOME kl. 5:50 - 8 - 10:10		
POINT BREAK kl. 8 - 10:30	POINT BREAK kl. 10:55		
STAR WARS 3D kl. 6 - 9	STAR WARS 3D kl. 8		
GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50	GÓÐA RISAEDLAN kl. 5:50		

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

11. JANÚAR 2016

Dans

Hvað? Tangó Milonga Tangóævin-týrafélagsins
Hvenær? 20.00
Hvar? Sólun Bistro, Bankastræti 7, 2. hæð
Frír kynningartími í argentínskum tangó frá klukkan. 20.00 til 21.00 og svo er dansað til klukkan 23.00 við gullaldartangó í bland við nuevo. Engin danskunnátta nauðsynleg og óþarfi að mæta með dansfélagi, bara góða skapið. Tökum vel á móti nýju fólki á öllum aldri.

Hvað? Danskennsla
Hvenær? 17.00
Hvar? Félag eldri borgara, Stangarhyl 4. Seinni partinn verður hægt að koma í danskennslu, hvort sem er fyrir byrjendur eða lengra komna.

Hvað? Zumba Gold
Hvenær? 10.30
Hvar? Félag eldri borgara, Stangarhyl 4. Fyrir hádegi verður heldur betur stuð í Stangarhylnum, þegar eldri borgurum gefst færi á að skella sér í Zumba Gold.



Enginn ætti að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara á nýju ári.

Fundir

Hvað? Sýrlenskir flóttamenn í Evrópu
Hvenær? 12.00
Hvar? Í Hátíðarsal Háskóla Íslands Sýrland verður viðfangsefni þriðja fundar í fundaröð Háskóla Íslands, Fræði og fjölmennung. Er fundurinn haldinn í samstarfi við íslenska utanríkisráðuneytið og fulltrúa frá alþjóðlegu frjálsu félagasamtökunum Norwegian Refugee Council (NRC). Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, setur fundinn og taka til máls Eygló Harðardóttir velferðarráðherra, Martin Hartberg, sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda hjá NRC, Arvinn E. Gadgil, yfirmaður samstarfs- og stefnumáladeildar hjá NRC og Auðbjörg Halldórsdóttir, forsvarsmáður Íslensku friðargæslunnar. Að fundi loknum verður boðið upp á hressingu. Allir eru velkomnir á fundinn, en hann stendur til 13.30.

Yoga og Tantra

Hvað? YOGA 60+
Hvenær? 10.30
Hvar? Yogavin, Grensásveg 16
Yogatímar fyrir fólk á besta aldri, þar sem kenndar eru yoga-stöður, öndun-aræfingar og slökun sem allir hafa ljómandi gott af. Þessir tímar eru grúpplagðir fyrir byrjendur og fær hver og



Félag eldri borgara stendur fyrir dansi fyrir bæði byrjendur og lengra komna klukkan 17.00 í Stangarhyl.

einn að njóta sín. Skemmtilegt og gefandi yoga fyrir fólk á besta aldri, og kennir Þóra Sigríður Ingólfssdóttir tímana, sem eru sjötíu og fimm mínútur. Byðst frír prufutími fyrir áhugasama, en allir eru hjartanlega velkomnir.

Hvað? Kynningartími í Tantra
Hvenær? 20.00
Hvar? Natha Yogacenter, Bolholti 4. Í kvöld byðst byrjendum í tantra að koma í frían kynningartíma á tantra. Allir eru innilega velkomnir.

Uppistand

Hvað? OpenMicNight in English
Hvenær? 20.30
Hvar? Gaukurinn

The Goldengang stendur fyrir opnu sviði fyrir þá sem vilja reyna fyrir sér í uppistandi, og er eina skilyrðið að grínið sé flutt á ensku. Fyrir og eftir grín er boðið upp á tónlist og sprell frá Bjarna töframanni Baldvinsyni. Aðgangur er ókeypis en sérstök fata er á staðnum sem fólk getur hent í smotterii.

Handavinna

Hvað? Þrjónakaffi
Hvenær? 13.00
Hvar? Borgarbókasafnið Árbæ Þrjónakaffið verður á mánudögum í allan vetur og stendur frá klukkan 13.00 til 15.00. Heitt er á könnunni og allir velkomnir.



Eygló Harðardóttir verður í Hátíðarsal Háskóla Íslands í hádeginu.

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

A Perfect Day	18:00, 22:15	Magic in the Moonlight	20:00
45 Years	18:00	Þrestir	20:00
Fúsi	18:00	Glænýja Testamentið	22:00
Youth	20:00	Hrútar	22:00

Janúar dagar

Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegs árs og þökkum viðskiptin á liðnu ári, byrjum við nýja árið með **20-40% afslætti** af gæðavörum heimilistækjadeildar.

AEG
Þvottavélar



20% afsláttur

AEG
Þurrkarar



20% afsláttur

AEG
Uppþvottavélar



20% afsláttur



Tefal
25
ÁR
HJÁ
ORMSSON

20% afsláttur


Airforce eyjuháfar · veggháfar



Gott úrval af Airforce veggháfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.

20-40% afsláttur

AEG
helluborð



20% afsláttur

AEG
ofnar



20% afsláttur

brabantia heimilislausnir



20-40% afsláttur



BRAUN
hársnyrtitæki



20% afsláttur

AEG
ryksugur



20% afsláttur

Pioneer Hljómtækjastæða



20% afsláttur

PIX-EM-12 - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengir: USB, Audio-In, Loftnet

Nintendo



20-40% afsláttur

Mjög gott úrval leikja

Pioneer
MJ532 heyrnartól



25% afsláttur

Samanbrjótanleg. Fáanleg í 4 litum.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is



Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.



ORMSSON

Greiðslukjör

Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.25 Hot in Cleveland
08.50 2 Broke Girls
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 A to Z
10.45 Sigríður Elva á ferð og flugi
11.10 Matargleði Evu
11.45 Dulda Ísland
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
13.45 American Idol
15.20 Pretty Little Liars
16.05 Scooby-Doo! Mystery Inc.
16.30 ET Weekend
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 The Goldbergs
19.50 Grand Designs
20.40 Landnemarnir
21.10 The Art of More
21.55 The Sandhamn Murders
22.40 Back On Board. Greg Lougan
00.05 Legends
00.50 Transparent
01.20 Cold Comes The Night
02.50 Devil's Knot
04.40 The Middle
05.05 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

07.20 Útsending frá leik Verona og Palermo í ítölsku úrvalsdeildinni.
09.00 Útsending frá leik Wycombe Wanderers og Aston Villa.
10.45 Útsending frá leik Sampdoria og Juventus í ítölsku úrvalsdeildinni.
12.25 Útsending frá leik Chelsea og Scunthorpe í enska bikarnum.
14.10 Útsending frá leik Barcelona og Granada í spænsku úrvalsdeildinni.
15.50 Útsending frá leik Arsenal og Sunderland í enska bikarnum.
17.35 Útsending frá leik Exeter og Liverpool í enska bikarnum
19.45 Enska bikarmörkin
20.15 Útsending frá leik Houston Texans og Kansas City Chiefs í NFL.
22.35 UFC Now 2015
23.20 Útsending frá leik KR og Stjórnunar í Dominos deild karla.
00.55 Útsending frá leik Fiorentina og Lazio í ítölsku úrvalsdeildinni.

SPORT 2

11.30 Útsending frá leik Everton og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
13.15 Útsending frá leik Norwich City og Southampton í ensku úrvalsdeildinni.
14.55 Útsending frá leik Manchester United og Swansea City í ensku úrvalsdeildinni.
16.35 Útsending frá leik Watford og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
18.15 Messan
19.25 Premier League World
19.55 Útsending frá leik West Ham United og Liverpool.
21.40 Útsending frá leik Arsenal og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni.
23.20 Útsending frá leik Crystal Palace og Chelsea.

GOLFSTÖÐIN

08.00 Hyundai Tournament of Champions
12.00 HSBC Champions
15.30 Feherty
16.15 Hyundai Tournament of Champions
20.15 PGA Tour 2016 - Highlights
21.10 Hyundai Tournament

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



20:40

LANDNEMARNIR

Kristján Már Unnarsson rýnir í ráðgátur landnámsins. Nýjar vísindarannsóknir leiða fram nýja vitneskju um upphaf Íslandssögunnar. Getur verið að landið hafi verið numið tvö hundruð árum fyrr en áður var talið? Sérfræðingar velta upp spennandi spurningum um rætur Íslendinga.

SKEMMTILEGUR
MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

19:50

GRAND DESIGNS

Kevin McCloud fylgir útvöldu fólki eftir við að byggja draumahúsið og þar er drifkraftur og framúrstefnulegur arkitektúr allsráðandi.



21:15

THE ART OF MORE

Stórgóðir og vandaðir spennuþættir sem fjalla um það gerist á bak við tjöldin í listaheiminum í New York en þar er ekki allt sem sýnist.



22:05

THE SANDHAMN MURDERS

Sænsk spennuþáttaröð í þremur hlutum sem byggð er á hinum vinsælu bókum ritöfundarins Viveca Sten.



22:50

BACK ON BOARD:
GREG LOUGAN

Heimildamynd frá 2014 um einn þekktasta dýfingamann allra tíma.



22:00

NOAH

Russell Crowe leikur hinn sögufræga Nóa úr biblíusögunni um Örkina hans Nóa.



Krakkastöðin 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



STÖÐ 3

18.05 Project Runway
18.50 One Born Every Minute
19.30 Who Do You Think You Are
20.15 Hell's Kitchen
21.00 My Dream Home
21.50 The Mysteries of Laura
22.35 Vampire Diaries
00.50 Who Do You Think You Are
01.35 Hell's Kitchen
02.15 My Dream Home
03.00 The Mysteries of Laura
03.45 Vampire Diaries
04.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Lukku láki
07.23 Kalli á þakinu
07.47 Hvellur keppnisbill
08.00 Ofurhundurinn Krypto
08.25 Ljótí andarunginn og ég
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
09.45 Doddi litli og Eyrnastór
09.55 Tommi og Jenni
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Rasmus Klumpur og félagar
10.55 UKI
11.00 Lukku-Láki
11.23 Kalli á þakinu
11.47 Hvellur keppnisbill
12.00 Ofurhundurinn Krypto
12.24 Ljótí andarunginn og ég
12.46 Ævintýraferðin
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
13.45 Doddi litli og Eyrnastór
13.55 Tommi og Jenni
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Rasmus Klumpur og félagar
14.55 UKI
15.00 Lukku-Láki
15.23 Kalli á þakinu
15.47 Hvellur keppnisbill
16.00 Ofurhundurinn Krypto
16.24 Ljótí andarunginn og ég
16.46 Ævintýraferðin
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
17.45 Doddi litli og Eyrnastór
17.55 Tommi og Jenni
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Rasmus Klumpur og félagar
18.55 UKI
19.00 Paranorman

Doddí litli og Eyrnastór
13:45




GULLSTÖÐIN

17.25 The Big Bang Theory
17.50 Friends
18.10 New Girl
18.35 Modern Family
19.00 Super Fun Night
19.25 Sjálfstætt fólk
20.05 Eldsnögg með Jóa Fel
20.40 Sisters
21.55 The 100
22.40 Dallas
23.20 Nikita
00.00 Sjálfstætt fólk
00.40 Eldsnögg með Jóa Fel
01.10 Sisters
02.25 The 100
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

10.20 Moulin Rouge
12.30 The Fault In Our Stars
14.40 The Prince and Me 4
16.15 Moulin Rouge
18.20 The Fault In Our Stars
20.25 The Prince and Me 4
22.00 Noah
00.20 Walk of Shame
01.55 Killer Elite
03.50 Noah

Noah
22.00



RÚV

17.45 Táknafréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Hvolpasveitin
18.18 Sebbi
18.30 Loppulúði, hvar ertu?
18.42 Hróturinn Hreinn
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Hvaða mataræði hentar þér?
21.10 Þýskaland '83
22.00 Tiufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Í saumana á Shakespeare
23.15 Spilaborg
00.10 Ófærð
01.05 Kastljós
01.40 Fréttir
02.00 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Kitchen Nightmares
09.45 Minute To Win It
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.25 King of Queens
13.50 Dr. Phil
14.30 The Office
14.55 Top Gear
15.55 America's Funniest Home Videos
16.20 Red Band Society
17.05 The Good Wife
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 The McCarthys
20.10 Polar Bear - Spy on the Ice
21.00 Rookie Blue
21.45 CSI. Cyber
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Secrets and Lies
00.35 Madam Secretary
01.20 Elementary
02.05 Rookie Blue
02.50 CSI. Cyber
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.15 The Late Late Show with James Corden
04.55 Pepsi MAX tónlist

The Tonight Show with Jimmy Fallon,



Yuasa rafgeymar



YUASA

Með hverjum keyptum Yuasa rafgeymi færðu 20% afslátt á Ctek hleðslutæki.

THULE
SWEDEN

Bretta- og skíðafestingar



LIQUI MOLY

Efnavörur fyrir bíla

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Lætur brotna mjöðm ekki stoppa sig fet

Íþróttaálfurinn og söngkonan Greta Salóme fer alltaf alla leið í því sem hún tekur sér fyrir hendur, hvort sem er í sporti eða á sviðinu.

Guðrún
Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Nú er ég einhvern veginn þannig að ég fer alla leið í því sem ég geri, og þetta varð útkoman, ég hefði kannski átt að hlusta," segir söngkonan Greta Salóme sem er öll að koma til eftir að hafa brotið á sér mjöðmina þegar hún hljóp litla þrjú hundruð kílómetra á fjörutíu dögum í janúar í fyrra. „Þannig að ég er ekki mikið í að snara um þessar mundir," segir hún og skellir upp úr, en hún er annálaður íþróttaálfur. „Ég skipti yfir í boot camp og er að vinna mig í gang aftur," útskýrir hún, en ekki er svo langt síðan hún var eins konar andlit crossfit-íþróttarinnar á Íslandi. „Crossfit er frábært sport, allir eiga að geta iðkað það á sinn hátt og það nær yfir stóran skala í íþróttaáferðum. Í rauninni skiptir það mig samt engu máli hvort um ræðir boot camp eða crossfit, bara að hafa gaman og njóta góðs af," segir Greta og viðurkennir að hún hafi þurft að fara svolítið til baka eftir slysið og finna aftur æfingagleðina. „Nú er ég að reyna að vera svolítið skynsöm," bætir hún við og laumar svo kímín að, að hún útiloki ekki að hlaupa kannski hálf maraþon á árinu.

En Greta hefur aldeilis ekki setið auðum höndum á meðan beinið greri, því hún hefur haft í nægu að snúast, fyrst sigldi hún um heimsins höf á vegum Disney líkt og alþjóð veit, en sneri svo heim í október. „Það er búið að vera brjáláð að gera hjá mér, upphaflega ætlaði ég aftur út í desember en fékk samþykki fyrir að fresta endurkomunni á skemmtiferðaskipið þar til í febrúar. Ég er bókstaflega að kafna," útskýrir hún og hlær innilega.

„Eins og er, er ég á stöðugu flakki milli Reykjavíkur og Akureyrar, en við erum að fara að sýna Frost í Hofi á Akureyri með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og þremur kórum, rokkbandi og tuttugu dönsurum. Þarna verða áttatíu til níutíu manns á sviðinu þegar mest verður, þessu fylgir því ansi mikill undirbúningur. Ég hef einmitt ekki losnað við gæsa-húðina síðan á fyrstu æfingunni." Þó að nafn sýningarinnar fái fólk eflaust til að hugsa til systanna Elsu og Önnu í hinni geysivinsælu Frozen-mynd, þá er ekki svo að Greta ætli sér að einskorða sig við tónlist úr þeirri ágætu mynd. „Ég kem með hluta af Disney-sýningunni af skipinu, en svo tókum við alls konar lög eftir mig, klassísk lög sem við setjum í harðkjarnabúning og hin ýmsu Disney-lög í popprokkútgáfum, þetta er svona dæmi þar sem allir fá eitthvað fyrir sig," segir hún og jatar að hafa sannarlega verið líkt við umrædda Elsu, með sitt ljósa fléttada hár og í falletum kjól. „Ég var náttúrulega í risastórum kjól á skipinu, sem

ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ VERA BRJÁLÁÐ AÐ GERA HJÁ MÉR, UPPHAFLEGA ÆTLAÐI ÉG AFTUR ÚT Í DESEMBER EN FÉKK SAMÞYKKI FYRIR AÐ FRESTA ENDURKOMUNNI Á SKEMMTIFERÐASKIPIÐ ÞAR TIL Í FEBRÚAR.

er tíu sinnum tíu metrar og á hann vörpuðust norðurljós og iskristallar, en hann kemst því miður ekki inn í Hofi gerir ég ráð fyrir," bendir hún á og brosir. Eins og þetta sé ekki nóg, þá á Greta tvö lög í undankeppni Eurovision. „Ég ætlaði aldrei að taka þátt aftur eftir 2012, en svo bara er þetta farið af stað." Greta samdi bæði lögin sjálf, en syngur annað. „Elisabet Ormslev syngur Á ný og ég syng Raddir. Ætli það sé ekki ansi gott að koma báðum inn, líkt og síðast þegar ég tók þátt, svo þetta eru fjögur lög inn af fjórum innsendum," segir hún, spriklandi sæl og ánægð með annríkið.

Snýr aftur á æskuslóðir

Þó svo að Greta Salóme sé á bóla-kafi í verkefnum út um allar trissur, lætur hún ekki þar við sitja, því hún hyggst flytja aftur í Mosfellsbæ, þar sem hún ólst upp. „Ég hef búið í Grafarholti í þrjú ár, en nú ætlum við kærastinn minn að flytja aftur í Mosfellsbæinn. Þó svo að það séu örfáar mínútur á milli Grafarholtsins og Mosfellsbæjar, finnst mér það óralangt," segir hún og skellir upp úr, en nær öll fjölskylda Gretu er búsett í Mosfellsbæ og er það sama uppi á tengingnum hjá kærasta hennar. Greta eyðir sumse þessum örfáu mínútum sem eru til skiptanna eftir æfingarnar, til að pakka niður í kassa og undirbúa sig fyrir endurkomuna í Mosfellsbæ.



Greta Salóme er nánast að drukkna úr annríki, en hún á tvö lög í undankeppni Eurovision, annað flytur hún en hitt sér Elisabet Ormslev um.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Greta Salóme í ansi hreint stórbrotnum kjól. Hann ratar því miður ekki með henni í Hofið. MYND/ADSEND.

Bakaðar paprikur fylltar með grænmeti og kúskús

2 rauðar paprikur. Ýmist skornar í tvennt og stilkurinn látinn halda sér eða bara lokið skorðið af. Mikilvægt að fræin séu fjarlægð.

1/2 kúrbítur, skorinn í litla bita

6-8 kirsuberjatómatar, skornir í litla bita

1/2 græn paprika, fræhreinsuð og skorin í litla bita

4-5 sveppir, skornir í litla bita

1 tsk. karrý

1-2 msk. ólífuolía

80-100 g fetaostur

100 g kúskús

Rifinn ostur, hér um bil 1 msk. yfir hverja papriku

Salt og nýmaladur pipar

1-2 msk. ferskt krydd t.d. graslaukur, basilíka eða rósmarín.

Vel er hægt að nota hvaða grænmeti sem er, endilega hreinsið út úr ísskápnum og skellið í paprikurnar.


Hitið ofn í 200°C. Skolið grænmetið vel og fræhreinsið. Sjóðið kúskús

skv. leiðbeiningum á pakkanum.

Blandið grænmetinu, fetaostinum og kúskúsinu saman í skál, kryddið vel með karrýi, salti og pipar. Deilið grænmetisblöndunni jafnt niður á paprikurnar. Stráið rifnum osti yfir og dreypið oliunu líka yfir þær. Inn í ofn í 25-30 mínútur.

Þegar paprikurnar eru komnar út úr ofninum er gott að saxa ferskar kryddjurtir og strá yfir.

Uppskrift frá Evu Laufey Kjaran.




Playboy höllin til sölu

Höllin hans Hughs Hefner verður brátt til sölu, ef marka má erlenda miðla, en The Playboy Mansion fer á litla tvö hundruð dollara. Hefner keypti villuna upphaflega á eina milljón dollara árið 1971, en hún var byggð árið 1927. Hann seldi það síðar fyrirtæki sínu Playboy Enterprises, og hefur því verið á leigumarkaði sjálfur síðan. Má með sannri segja að hér sé stórbrotin eign sem inniheldur tuttugu og níu herbergi og nær yfir tæplega tuttugu og tvö þúsund fermetra. Hefur þessi Playboy kóngur haft það ansi náðugt undanfarin fjórutíu og fimm ár, en svæsnari veislur en þær sem þar eru haldnar eru vandfundnar. Hefur höllin auk þessi birst í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta svo sem Sex and the City, The Apprentice og The House Bunny. En hvað verður um Hefner? Jú, bóúð er að binda þannig um hnútana að karlinn fylgi með, og mun hann þannig fá að halda heimili sínu það sem eftir er. Spennandi kaupauki gæti einhver hugsað með sér.



Kylie er bíræfin

Sérstakt varalitasett sem Kardashian raunveruleika undrið, Kylie Jenner, hefur látið útbúa fyrir sig og selt svo eins og heitar lummur, virðist ekki standa undir væntingum. Reyndar svo svakalega að ákveðinn hluti internetsins virðist ætla að bræða úr sér. Ósattir neytendur, sem einmitt eiga það flestir sameiginlegt að vera afar virkir notendur samfélagsmiðlanna, eru ævareidir yfir að litirnir virki ekki líkt og lofað var, og sumir hverjir fá alls ekki til sín pöntunina þrátt fyrir að hafa greitt fyrir herlegheitin. Hún lætur þó hvergi á sér bilbug finna, enda líklega komin með býsna þykk-an skráp eftir að hafa verið daglega á milli tannanna á fólki síðan hún var níu ára. Aðdáendum til mikillar furðu tók ungstirnið sig nefnilega til og tilkynnti á Snapchat-reikningi sínum fyrir skömmu, að von væri á enn fleiri litum í umrætt sett. Verður án efa spennandi að fylgjast með þessu.



FJÁRMAGN TIL FRÆÐSLU

Allir fræðslusjóðir á einum stað

Rétt fræðsla og þjálfun eflir starfsfólk og er lykillinn að velgengni fyrirtækja til lengri og skemmri tíma. Nú getur þú sótt um styrk til fræðslu starfsmanna fyrirtækisins á einum stað. Skilaðu inn einni umsókn og sæktu þannig um styrk úr mörgum fræðslusjóðum atvinnulífsins samtímis. Flóknara er það ekki. Áttin.is er eina heimasíðan sem þú þarft að heimsækja. Þú getur sótt um styrk til fræðslu fram í tímann eða allt að 12 mánuði aftur í tímann.

Frá 12. - 15. janúar verða skipulagðir fundir um allt land til kynningar á Áttinni.

Nánari upplýsingar á attin.is



DORMA

Láttu drauminn rætast

**NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ**
Komdu í Dorma



ÚTSALAN
í fullu fjöri
ALLT AÐ
{60%}
AFSLÁTTUR



20%
AFSLÁTTUR

BOGGIE 3ja sæta

Slitsterkt áklæði. Margir litir.
Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

Verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**



20%
AFSLÁTTUR

BOGGIE Stóll

Slitsterkt áklæði. Margir litir.

Verð: 54.900 kr.

Aðeins **43.920 kr.**

**NATURE'S
COMFORT**
heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýna
með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 164.900 kr.



Aðeins **123.675 kr.**



25%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á botni.

O&D dúnsæng

STÓRI BJÖRN

-50% dúnn & 50% smáfiður

Fullt verð: 19.900 kr.

30%
AFSLÁTTUR



Aðeins **13.930 kr.**

Þú finnur
útsöluþæklinginn
á dorma.is



Þetta er í fyrsta skipti sem Júlí Heiðar kemst inn í íslensku forkeppni Eurovision. Hann hefur tvisvar áður sent inn lag en ekki haft erindi sem erfiði og er því ánægður með árangurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nánast nóg að komast inn í forkeppnina

Júlí Heiðar Halldórsson er einn af þátttakendum í íslensku forkeppni Eurovision í ár með lagið Spring yfir heiminn. Glenn Schick masterar lagið en hann hefur unnið með Justin Bieber og Elton John.

Lagið Spring yfir heiminn eftir Júlí Heiðar Halldórsson komst á dögum inn í íslensku forkeppni Eurovision. Júlí Heiðar hefur reynt við keppnina tvisvar sinnum áður en ekki haft erindi sem erfiði og var því að vonum ánægður með árangurinn.

Textann við lagið samdi Júlí Heiðar í samvinnu við Guðmund Snorra Sigurðarson sem er annar flytjenda lagsins auk Þórdísar Birnu Borgarsdóttur. „Hún er kærastan mín og hann er einn af mínum bestu vinum þannig að ég þurfti ekki að leita langt,“ segir Júlí Heiðar glaður í bragði en hann mun ekki koma að flutningi lagsins sjálfur þrátt fyrir að hafa reynt fyrir sér á söngsviðinu áður.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég kemst inn í keppnina og mig langaði til þess að fá einhvern tekniskari en mig sjálfan og betri en ég að syngja til að gera þetta,“ segir hann um ástæður þess að hann muni ekki þenja raddböndin á sviðinu. „Mig langaði líka til þess að hafa yfirsýn yfir hlutina og vinna í laginu í staðinn fyrir að vera að svitna yfir því að flytja þetta.“ Lagið segir hann fjalla um manneskju sem langar til þess að skilja eitthvað eftir sig en vill ekki gefa meira upp um umfjöllunar-efni textans að svo stöddu.

Eurovision er þó ekki það eina sem á hug Júlís Heiðars þessa dagana þar sem hann leggur einnig stund á nám í leiklist í Listaháskóla Íslands og því deginum ljósara að það verður nóg um að vera hjá honum á næstu mánuðum. „Það verður nóg að gera núna í janúar og febrúar, langir skóladaðar og svo æfingar á



Helgi Sæmundur Guðmundsson pródúseraði lagið.

kvöldin,“ segir hann og bætir við að hann setji það þó ekki fyrir sig að vera upptekinn: „Þá skipuleggur maður sig meira og tæklar dagana betur.“

Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar meðlimur raphljómsveitarinnar Úlfur Úlfur, er pródúsent lagsins og einnig fékk Júlí Heiðar, Glenn Schick til þess að mastera lagið en hann hefur meðal annars unnið sér það til frægðar að mastera lög fyrir Justin Bieber og Elton John. Schick er einnig talsverður Íslandsvinur en hann kom hingað til lands á Secret Solstice og hefur meðal annars masterað plötu Bubba Morthens og plötuna Destrier með hljómsveitinni Agent Fresco.

Júlí Heiðar segist vera talsverður aðdáandi Eurovision-keppinnar og segir hann rússneska lagið A Million

MIG LANGAÐI LÍKA TIL ÞESS AÐ HAVA YFIRSÝN YFIR HLUTINA OG VINNA Í LAGINU Í STAÐINN FYRIR AÐ VERA AÐ SVITNA YFIR ÞVI AÐ FLYTJA ÞETTA.

Voices frá því í fyrra í flutningi Polina Gagarina í uppáhaldi auk belgiska lagsins Rhythm Inside í flutningi Loïc Nottet. A Million Voices hafnaði í öðru sæti í aðalkeppninni og Rhythm Inside í fjórða sæti aðalkeppninnar.

Hann er þó að eigin sögn ekki upptekinn af því að vinna keppnina, hvorki hér heima né þá stóru sem fram fer þann 14. maí næstkomandi í Svíþjóð. „Ég er nú svona semi-búinn að vinna því ég komst inn, það er bara nóg fyrir mig,“ segir hann himinlifandi að lokum. gydaloa@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sígfrús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarisdóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Víðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Í FULLU FJÖRI

Risa

ÚTSALA

Allt að

60%

afsláttur

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Vifstríkað verð sýnir fullt verð vöru.

LEVANTO

Hægindastóll með skemli.
Svart leður.

33%
AFSLÁTTUR



Leðurstóll með skemli.

99.990 kr. -149.800 kr.

STANLEY

La-Z-Boy hægindastóll úr
svörtu, brúnu
eða vínrauðu
leðri.



30%
AFSLÁTTUR

125.993 kr.

~~179.990 kr.~~

ASTRO

Slitsterkt áklæði
margir litir.



30%
AFSLÁTTUR

41.993 kr.

~~59.990 kr.~~



KLINT SÓFASETT

Þriggja og tveggja sæta leðursófasett
Svart leður og viðargrind (Br.: 193 & 138 cm)

227.988 kr. -379.980 kr.

40%
AFSLÁTTUR



ELLY

Þriggja sæta. Margir litir.
Slitsterkt áklæði
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

59.994 kr. -99.990 kr.

40%
AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt
slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði.
Stærð: 231 x 140 x 81 cm.

95.992 kr. -119.990 kr.

20%
AFSLÁTTUR



FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

209.993 kr. -299.990 kr.

30%
AFSLÁTTUR

ASAMA

Borðstofustóll,
svart og hvítt
PU leður.



30%
AFSLÁTTUR

11.193 kr. -15.990 kr.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Bakpankar

Hauks Viðars
Alfredssonar



Sameinumst! du du du du

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson tók við forsetaembættinu fyrir 20 árum var hann ekki ósvipaður forverum sínum. Hann var virðulegur, kom vel fyrir í útlöndum og var ekki farinn að líkjast Turkmenbashi á neinn hátt. Reyndar fór hann í taugarnar á gömlum andstæðingum sínum í pólitik en það er víst erfitt að finna forseta sem allir geta verið sammála um. Eða hvað?

Nú er Ólafur á förum og hafa nokkrir þegar verið orðaðir við embættið. Ég sé hins vegar engan í fljótu bragði sem talist gæti „óumdeildur“. Andri Snær er eldklár hugsjónamaður en hann fer í taugarnar á stóriðjusinnuðum hægrímönnum. Þorgrímur Þráinsson er finni í fótbolta en hann fer í taugarnar á femínistum og reykingafólki. Aðrir tilheyra svo flokkunum „hafa ekki áhuga“ og „ná ekki einu prósentí“.

Þar sem allir í heiminum eru þínu gallaðir spyr ég mig að því hvort við ættum kannski að slá þessu bara upp í kæruleysi og hafa tvo forseta. Tveir ófullkomin einstaklingar geta nefnilega verið fantagott tvíeyki. Sem dæmi um það má nefna Lennon og McCartney, Thelmu og Louise, Halla og Ladda.

Best væri auðvitað ef einstaklingarnir væru eins ólíkir og mögulegt er þannig að markhópurinn sé sem breiðastur. Ég nefni nokkur möguleg tvíeyki sem gætu sameinað ólíkar fylkingar: Davíð Oddsson og Björk, Páll Óskar og Gylfi Aegisson, Eiður Svanberg og Erpur Eyvindarson. Rósa Ingólfs og Barði í Bang Gang. Þið skiljið hvert ég er að fara. Ef þú fílar ekki annan þá fílarðu líklega hinn. Og ef okkur tekst að gera alla Íslendinga 50% ánægða erum við á grænni grein.

Heimskulegt? Kannski. Dýrt? Alveg örugglega. Versta hugmynd Íslandssögunnar? Langt því frá.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland



ÞJÓNUSTA

Við leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu og fyrsta flokks vistvæna vöru á hagstæðu verði.



ÚTSALA REKKJUNNAR

20 TIL 80% AFSLATTUR!

ÓTRÚLEG
VERÐ!



ARGHIII 110116 #2



30%
AFSLATTUR!

ROYAL CORINNA
(90x200 cm)
FULLT VERÐ 83.709 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
58.596 kr.

Millistíf dýna, 5-svæða skipt með poka-gormakerfi og stífum köntum. Pu-leðurklæddur botn með fótum.

Stærð 120x200 sm.

Fullt verð 98.036 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 68.625 kr.

Stærð 153x200 sm.

Fullt verð 124.620 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 87.234 kr.

50%
AFSLATTUR!



KING KOIL
MORENA
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.711 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
139.356 kr.

Millistíf 5-svæða skipt 798 pokagormakerfi og stífir kantar ásamt þrýstjöfnunar gelsvampi í toppi. Pu-leðurklæddur botn með fótum.

Cal King Size (183x213 sm)

Fullt verð 388.406 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 194.204 kr.

King Size (193x203 sm)

Fullt verð 388.406 kr.

ÚTSÖLUVERÐ 194.204 kr.

rekkjan

HEILSURÚM